ÞÓRIR ANDRI KARLSSON

*Gítarinn eigulegasti hluturinn á heimilinu*

heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

*Nýbyggðar íbúðir í hjarta borgarinnar*

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



HILMAR ANDRI HILMARSSON

*Fékk áritaða treyju frá landsliðinu*

Baráttusaga Hilmars heillaði harðjaxlana

FÓLK 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. október 2007 — 294. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR



### Slegist um jólastemninguna

Bó og Frostrósir verða með jólatónleika í byrjun desember.

FÓLK 30

### Harry hellir í sig



Harry prins eyddi 200 þúsund krónum í brennivín um helgina.

FÓLK 22

### Heimild um okkur

„Svo er alltaf spurt hvers vegna „ekki megi styggja minnihlutahópa". Það gleymist að allt okkar orðbragð er heimild um okkur sjálf en ekki skotspónninn", skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 16

### Keflavík á toppinn



Keflavík vann Njarðvík 78-63 í Suðurnesjaslag toppliðanna í Iceland Express-deild karla í körfubolta í gærkvöld.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SUÐAUSTAN TIL** - Í dag verður norðan strekkingur austast á landinu, annars mun hægari. Él norðan og vestan til en lengst af bjart veður á landinu suðaustanverðu. Hiti nálægt frostmarki.

VEÐUR 4

# Evrulaun geta leitt til tvöfalds hagkerfis

**Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins útilokar ekki að evrulaun verði rædd í komandi kjarasamningum. Stefnir í tvöfalt hagkerfi, segir lektor.**

**VINNUMARKAÐUR** Til greina kemur að ræða launagreiðslur í evrum í komandi kjarasamningum, segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, sagði í blaðinu í gær að evrulaun yrðu ef til vill rædd í viðræðunum.

„Þetta hefur ekki verið rætt formlega en við höfum hugsað um þetta. Málið snýst aðallega um áhættuna; það getur verið betri áhættudreifing fyrir starfsmenn og fyrirtæki ef laun eru greidd í evrum eða öðrum gjaldmiðli. Það eru auðvitað mörg fyrirtæki með tekjur sínar að mestu í erlendri mynt," segir Vilhjálmur Egilsson.

Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, segir þessi ummæli til marks um að evran komi inn í íslenskt hagkerfi smátt og smátt og án pólitískrar ákvörðunar. Evran taki sig upp sjálf.

„Evran kæmi þá hingað fyrir tilverknað fjölda aðila þar sem hver leitast við að taka ákvarðanir út frá eigin hagsmunum. Og þarna eru komnir forystumenn launafólks og atvinnurekenda sem telja að það geti þjónað hagsmunum beggja að semja um kaup og kjör í erlendri mynt."

Ólafur segir að nú stefni í tvöfalt hagkerfi: „Þeir sem hafa aðgang að erlendu lánsfé og tekjum í erlendri mynt og hinir." Ákjósanlegra væri að stjórnvöld tækju um þetta yfirvegaða ákvörðun með formlegum hætti, því annars sé gengisáhættan skilin eftir hjá þeim sem ekki komast hjá henni.

- kóþ



**Á GÓÐRI STUND** Herra Karl Sigurbjörnsson biskup og Gunnar Hjálmtýsson heilsast eftir hátíðarmessu á Grund í gær en í dag eru 85 ár frá því að dvalar- og hjúkrunarheimilið var vígt. Kristján Ólafsson stendur að baki Gunnari. Hátíðarmóttaka verður á Grund í dag en um helgina gerði heimilisfólk, starfsfólk og velunnarar Grundar sér glaðan dag í tilefni tímamótanna. RÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Viðtalstímar forseta Íslands:

## Margir með persónuleg málefni til Ólafs

**STJÓRNMÁL** Margir hringja á skrifstofu forseta og óska eftir viðtali við hann. Að sögn Örnólfs Thorssonar forsetaritara ber fólk oft upp persónuleg málefni við forsetann. „Fólk vill þá láta í ljós skoðanir sínar, bera upp álitaefni eða óska liðsinnis um alls konar málefni."



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Ólafur Ragnar Grímsson er ekki með fasta viðtalstíma en tekur daga undir viðtöl með reglulegu millibili, segir Örnólfur.

Fólk getur þurft að bíða í allt að mánuð eftir að fá viðtal við ráðherra. Allir ráðherrarnir, utan þriggja, eru með fasta viðtalstíma.

- kóþ / sjá síðu 8

Björn Ingi Hrafnsson:

## Óhjákvæmilegt að ræða færslu olíubirgðanna

**SKIPULAGSMÁL Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, telur ljóst að byggðaþróun í og við Örfirisey verði slík að það muni kalla á umræðu um færslu olíubirgðastöðvarinnar burt frá svæðinu.**

**„En það þarf að finna þá valkost sem er annaðhvort jafngóður eða betri," segir hann.**

**Verkefnisstjórn sem skoðað hefur mögulegan flutning olíubirgðastöðvarinnar hefur komist að því að henni væri best komið áfram í Örfirisey, miðað við óbreytt skipulag. Stjórnin hefur raðað mögulegum staðsetningum í röð, og koma Brimnes, Keilisnes og Álfsnes næst Örfirisey sem æskilegar staðsetningar.**

- sh / sjá síðu 12

Áhugi ferðamanna á Viðey hefur aukist eftir að listaverk Yoko Ono var vígt:

# Friðarsúlan laðar fólk út í Viðey

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Við finnum að það er aukinn áhugi á eyjunni, það er ekki spurning," segir Einar Steinþórsson, sem ferjar fólk út í Viðey í gegnum Viðeyjarferðir.

Listakonan Yoko Ono afhjúpaði friðarsúlu við athöfn í eynni 9. október á afmælisdegi eiginmanns hennar Johns heitins Lennon.

Einar segir að síðan hafi talsverður hópur erlendra ferðamanna farið út í eyjuna. „Auðvitað var þetta gert í lok ferðamannatímabilsins, en það er ekki vafi á því að það verður meira að gera næsta sumar. Þessi súla er viðbót við það sem við höfum upp á að bjóða."

Auk þess að fara almennar ferðir býður Einar upp á sérferðir út að ljósasúlunni klukkan 20 á hverju kvöldi. Þær ferðir verða farnar fram að 8. desember þegar slökkt verður á súlunni.

- kóþ



**EINAR MEÐ VIÐEY Í BAKSÝN** Segir fleiri heimsækja Viðey eftir að listakonan Yoko Ono afhjúpaði þar friðarsúlu til minningar um John Lennon.










## SPURNING DAGSINS



*Þorgeir, kemur hljómsveitin ekki nakin fram næst?*

„Tja, það mynu eflaust margir mæta á slíka tónleika, en spurningin er hvort nokkur myndi hlusta.“

Hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveitar Íslands spiluðu á náttfötunum um helgina og voru tónleikarnir vel sóttir. Þorgeir Tryggvason er kynningarstjóri hljómsveitarinnar.

Nokkrir ökumenn misstu stjórn á bílum sínum í hálku í fyrrinótt:

# Stútar veittust að lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla lenti í fyrrinótt upp á kant við tvo ölvaða menn sem misst höfðu stjórn á bílum sínum í óvæntri hálku. Fimmtán umferðaróhöpp urðu frá því klukkan ellefu í fyrrakvöld og til morguns, sem flest mátti rekja til hálku. Alls voru sjö teknir fyrir ölvunarakstur. Fjórir þeirra höfðu klesst á.

Um klukkan þrjú ók ölvaður maður á stjórnkassa fyrir umferðarljós við gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Eftir óhappið flúði hann út í myrkrið í átt að Kringlunni. Vegfarendur gátu gefið lögreglu greinargóða lýsingu á manninum og hóf hún þegar leit að honum.



**LÖGREGLUBÍLL** Ölvun gerir menn jafnan óhæfa til akstur. Þegar menn aka svo ölvaðir í hálku er voðinn vís. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Maðurinn fannst við Kringluna en var ekki á þeim buxunum að láta handtaka sig og veitti lögreglumönnunum mótspyrnu. Hann var yfirbugaður og vistaður í fangageymslum.

Skömmu síðar ók annar drukkinn maður á umferðarljós á gatnamótum Bústaðavegar og Grensásvegar. Hann lét óhappið lítið á sig fá og hélt förinni áfram eftir Grensásvegi, þar sem hann missti loks stjórn á bíl sínum sem hafnaði á strætóskýli. Honum var ekið á slysadeild með minni háttar áverka. Þar rann á manninn æði og réðst hann bæði á lögregluþjóna og lækna sem þar voru. Honum var einnig komið í fangaklefa að lokinni aðhlynningu. - sh

Myrkur í Biskupstungum:

## Slitinn vír olli rafmagnsleysi

**SUÐURLAND Slitinn vír í rafmagnslínu við Torfastaði hjá Reykholtshverfi olli því að rafmagn fór af Biskupstungum og víðar á laugardagskvöld. Um tvær klukkustundir tók að koma rafmagninu aftur á, og þurftu íbúar á svæðinu að láta sér nægja ljóstíru frá kertum á meðan.**

**Lárus Einarsson, tæknistjóri hjá Rarik á Suðurlandi, segir að snjór hafi tafið viðgerðir á vírnum, því viðgerðarmenn hafi fest bíl sinn á leiðinni að rafmagnslínunni þar sem vírinn slitnaði. Kalla þurfti út gröfu til þess að ná bílnum upp, og gátu þá viðgerðir loksins hafist.** - sþs



**BOÐAR AÐSTOÐ** Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, heitir aðstoð við þá sem misstu allt sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skógareldarnir í Kaliforníu:

## Meintra brennuvarga leitað

**BANDARÍKIN, AP** Slökkviliðsmenn í Kaliforníu vonuðust til að takast að halda í skefjum skógareldunum sem enn loga, þrátt fyrir að spáð hafi verið þurrara og heitara veðri og að hús séu enn talin í hættu. Alls hafa skógareldarnir náð yfir um 200.000 hektara lands.

Arnold Schwarzenegger ríkisstjóri hét því í gær að meintir brennuvargar, sem grunaðir væru um að hafa komið hamförunum af stað, yrðu eltir uppi og látnir svara til saka. 1.790 hús hafa brunnið, flest í kringum San Diego. Tjónið nemur milljörðum Bandaríkjadala. - aa

### ÚTVARP

**Orð kvöldsins heyrast á ný**

Dagskrárliðurinn Orð kvöldsins verður settur aftur á dagskrá Rásar 1. Þátturinn var tekinn af dagskrá fyrir nokkru, en í kjölfar fundar eldri borgara með Páli Magnússyni útvarpsstjóra munu Orð kvöldsins heyrast á ný á Rás 1.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Dyravörður meiddist í andliti**

Nokkrar líkamsárásir voru kærðar til lögreglu eftir aðfaranótt sunnudags. Þeirra alvarlegust var árás á dyravörð á skemmtistaðnum Sólon, en hann skaddaðist nokkuð í andliti. Talsverður erill var hjá lögreglu, eins venjan er á fullu tungli.

# Framtíð Kolaportsins í Tollhúsinu óráðin

**Framkvæmdastjóri Kolaportsins segir verslunarmenn þar uggandi um framtíðina, þrátt fyrir yfirlýsingar borgarstjóra. Óttast að tollstjóri segi jafnvel upp leigusamningnum. Borginni velkomið að borga 330 milljónir fyrir bílastæðin.**

**MIÐBORGIN** „Þótt við séum bjartsýn eftir orð Dags er björninn ekki unninn,“ segir Gunnar Hákonarson, framkvæmdastjóri Kolaportsins. „Við vitum í raun ekkert hver framtíðin verður og allir sem eru hér inni með rekstur eru í óvissu og hættir að gera plön fram í tímann.“

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði í blaðinu um síðustu helgi að hann vildi að Kolaportið fengi að vera áfram á sínum stað. Honum finnst „galin hugmynd“ að það víki fyrir bílastæðum.

Gunnar hefur ekki heyrt að Dagur hafi rætt þetta við ríkið, „og vandamálið er auðvitað það að borgin á ekki húsið,“ segir hann.

Hann óttast að tollstjóri fái sig jafnvel fullsaddan af Kolaportinu og segi upp samningum. „Og borgin gæti ekkert gert í því. Þeir segja þá bara upp húsaleigunni og markaðurinn er dauður.“ Hann vonar þó að „menn fari ekki að taka þetta eftir tilfinningalegum rökum hjá ríkinu“.

Borgarstjóri hefur reifað þá hugmynd að tollstjóraembættið fái pláss undir bíla í 1.300 bílastæða kjallara sem rís nú í næsta nágrenni Tollhúss.

Einnig kemur til greina að falla frá kröfu um lágmarksbílastæðafjölda, sem fylgir fyrirhugaðri stækkun á Tollhúsinu.

Samkvæmt upplýsingum úr fjármálaráðuneyti, sem er eigandi Tollhússins, hefur afstaða nýs borgarstjóra ekki verið rædd.

„Það var komin ákveðin lending með fyrri meirihluta, sem gerði ráð fyrir að Kolaportið yrði þarna áfram með ýmsum breytingum, en nú er komin upp alveg ný staða mála og við sjáum til hvernig verður brugðist við því,“ segir Þórhallur Arason, skrifstofustjóri fjárreiðu- og eignaskrifstofu.





GUNNAR HÁKONARSON

**ER FRAMTÍÐIN BJÖRT?** Kolaportið er þekkt fyrir fjölbreytilegt vöruúrval og mannlíf sem finnst ekki í verslunarmiðstöðvum borgarinnar. Borgarstjóri hefur sagt að hann vilji koma í veg fyrir að þetta mannlíf verði „sótthreinsað“ burt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Líkt Gunnari, minnir Þórhallur á að bílastæðin sem Dagur vísaði til eru ekki eign borgarinnar. „Þau eru í eigu Portusar og kosta víst eitthvað um 3,3 milljónir hvert og eitt.

Hundrað bílastæði myndu þá kosta um 330 milljónir. Ef borgin vill greiða fyrir þau er það svo sem ágætt.“

Spurður hvort leigusamningi verði hugsanlega rift endurtekur hann að þetta hafi ekki verið rætt.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri svaraði ekki skilaboðum vegna þessa máls, en Margrét Sverrisdóttir, forseti borgarstjórnar, segir meirihlutann „mjög hlynntan“ starfsemi Kolaportsins. „Ég held að við bara leysum þetta.“ Ekkert sé þó frágengið.

klemens@frettabladid.is

Héraðsdómur Suðurlands:

## Þrír í varðhald í nauðgunarmáli

**LÖGREGLUMÁL** Þrír karlmenn voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald til næsta fimmtudags í Héraðsdómi Suðurlands í gær. Mennirnir voru handteknir í heimahúsi á Selfossi aðfaranótt laugardags, í tengslum við nauðgunarmál.

Í fréttatilkynningu kemur fram að málið sé í rannsókn hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Selfossi. Vegna rannsóknarhagsmuna sé ekki hægt að veita neinar frekari upplýsingar um málið. Ekki náðist í Þorgrím Óla Sigurðsson aðstoðaryfirlögregluþjón á Selfossi vegna málsins. - sþs



**LISTASAFN REYKJAVÍKUR** Til greina kemur að ekki verði krafist aðgangseyris í listasöfn borgarinnar.

Listasöfn Reykjavíkurborgar:

## Frír aðgangur til athugunar

**STJÓRNMÁL Til skoðunar er innan borgarkerfisins að fella niður aðgangseyri að listasöfnun borgarinnar.**

**Slíkt fyrirkomulag var tekið upp á Listasafni Íslands fyrir nokkrum misserum með þeim árangri að aðsókn hefur aukist.**

**Signý Pálsdóttir, skrifstofustjóri menningar- og ferðamálasviðs, segir málið til athugunar samhliða gerð starfs- og fjárhagsáætlunar. Margrét Sverrisdóttir, forseti borgarstjórnar, segir ríkan vilja innan borgarstjórnar á að veita ókeypis aðgang að listasöfnunum, í það minnsta að gerð verði tilraun í þá átt.** - ve





***Barna-biblían***

er góður kostur til að kynnast boðskap Biblíunnar og fylgja sögunni þar sem Guð talar við allar kynslóðir.

***Sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir.***

*Falleg bók fyrir börnin*

Tindur Bókaútgáfa

www.tindur.is

tindur@tindur.is


Sveitarfélög gætu þurft að greiða fyrir þriðjung þjóðvega á höfuðborgarsvæðinu:

# Óvíst hvaðan aurinn kemur

**SAMGÖNGUR** Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri segir ekki liggja í augum uppi hvaðan fé ætti að koma til sveitarfélaganna, ef þriðjungur þjóðvega á höfuðborgarsvæðinu verður endurskilgreindur sem sveitarfélagavegir.



JÓN RÖGNVALDSSON

Vegagerðin hefur haft rekstur og viðhald þessara vega á sinni könnu. Fari þeir yfir til sveitarfélaga minnka fjárheimildir Vegagerðarinnar ekki, segir Jón.

„Það breytir í sjálfu sér ekkert tekjunum. Stærstur hluti af okkar tekjum er skattur af bensíngjaldi og slíku og það fer ekkert eftir því hvar er ekið. Þetta finnst sumum sveitarfélagamönnum sjálfsagt skrítið, en það er ekkert hægt að sundurgreina það sem stendur. Síðan fáum við bein framlög frá ríkinu.“

Því liggi ekki í augum uppi hvaðan peningar ættu að koma til sveitarfélaganna vegna þessa verkefnis.

Samkvæmt nýjum vegalögum, sem taka gildi um áramótin, eigi Vegagerðin að skilgreina hvað séu þjóðvegir og hvað ekki. „Hitt er svo annað mál að þær hugmyndir yrðu að sjálfsögðu sendar sveitarfélögunum og þau geta sagt sitt álit á þeim.“



**UMFERÐARÞUNGI** Samkvæmt vegalögum sem gildi taka um áramót er það Vegagerðarinnar að skilgreina hvar þjóðvegir séu og hvar ekki.

Spurður hvort sveitarfélög geti þá neitað að hlýða þeim úrskurði Vegagerðarinnar, segir Jón að líklega kæmi til kasta samgönguráðherra að ákvarða um það. - kóþ




# Með ánægju

Við erum **hagkvæm**. **Þjónusta** okkar er skilvirk við bókanir og persónuleg um borð. Við erum **sveigjanleg** og gerum allt sem í okkar valdi stendur til að gera ferðalagið skemmtilegt.

Iceland Express

með ánægju

www.icelandexpress.is

Fiton/SÍA FI023616

## GENGIÐ 26.10.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,39 | 60,67 |
| Sterlingspund | 123,84 | 124,44 |
| Evra | 86,7 | 87,18 |
| Dönsk króna | 11,628 | 11,696 |
| Norsk króna | 11,236 | 11,302 |
| Sænsk króna | 9,421 | 9,477 |
| Japanskt jen | 0,5278 | 0,5308 |
| SDR | 94,57 | 95,13 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
116,0612

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Farþegaþota rann út af flugbraut á Keflavíkurflugvelli í fyrrinótt, enginn slasaðist:

# Náðu ekki að hemla í hálku

**FLUG** Farþegaþota rann út af flugbraut eftir lendingu á Keflavíkurflugvelli í fyrrinótt. Vélin var að beygja inn á akstursbraut að flugstöðinni þegar nefhjólið rann af brautinni. Engan sakaði í óhappinu, sem kom til vegna mikillar hálku á flugbrautinni.

188 íslenskir farþegar voru í þotunni ásamt tíu manna áhöfn. Vélin, sem er af gerðinni Boeing 737-800 og er á vegum flugfélagsins JetX, var að koma frá Tyrklandi þegar slysið varð. Farþegar þurftu að bíða í klukkustund eftir að yfirgefa vélina eftir lendingu.

Bragi Baldursson hjá Rannsóknarnefnd flugslysa segir bremsuskilyrðin á brautinni við lendingu ekki hafa verið jafn góð og flugmenn hafi haldið. Þess vegna hafi vélin ekki hægt nógu vel á sér, og flugmenn þurft að beina henni inn á akbrautina að flugstöðinni.

„Þetta er þekkt vandamál sem verður þegar hitastigið hangir við frostmarkið og hitinn við brautina er rétt undir frostmarki,“ segir hann. Vettvangsrannsókn rannsóknarnefndarinnar lauk síðdegis í gær og verður flugriti vélarinnar sendur til greiningar í Bretlandi. Aðspurður hvort flugmennirnir hafi brugðist rétt við aðstæðunum segir Bragi allt líta út fyrir það.

Í tilkynningu frá JetX eru óþægindi farþega vegna óhappsins hörmuð. - sþs



**RANN ÚT AF** Tildrög slyssins eru í rannsókn hjá Rannsóknarnefnd flugslysa. Rannsóknarmaður segir hálku á brautinni hafa verið meiri en flugmenn áttu von á. MYND/PÁLL KETILSSON

Samtök móðurmálskennara:

# Vilja að íslenska verði þjóðtunga

**TUNGUMÁL Samtök móðurmálskennara styðja áform menntamálaráðherra um að íslenska verði stjórnarskrárbundin sem þjóðtunga.**

**Í ályktun frá samtökunum er bent á að miklar breytingar séu að verða á íslensku samfélagi og sumar þeirra ekki þjóðtungunni í hag. Því sé mikilvægt að styrkja og efla íslensku á alla lund og stuðla að því að hún verði notuð á öllum sviðum þjóðlífsins.**

**Fyrirtæki og stofnanir sem starfa í fjölþjóðlegu umhverfi eru hvött til að missa aldrei sjónar á því að íslenska er þjóðtunga Íslendinga.** - sþs



**HAMSTRAÐ** Íbúar Gaza-borgar hamstra bensín í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísraelar herða tökin:

# Minna eldsneyti flutt til Gaza

**GAZA, AP** Ísraelsk yfirvöld byrjuðu í gær að sjá til þess að minna eldsneyti bærist inn á Gaza-svæðið. Aðgerðirnar eru liður í að efna loforð um að auka þrýsting á Hamas-liða, sem þar stjórna.

Dor Alon, ísraelska orkufyrirtækið sem selur eldsneyti til Gaza, staðfesti að það hefði fengið fyrirmæli frá ísraelska varnarmálaráðuneytinu um að draga úr eldsneytissendingum.

Í fyrra mánuði lýsti Ísraelsþing Gaza „óvinasvæði“ og samþykkti áætlunina um að draga úr eldsneytissendingum sem svar við því að ekkert lát hefur orðið á sprengiflaugasendingum frá Gaza inn yfir ísraelska bæi. - aa

## LEIÐRÉTTING

Í frétt um brautskráningu frá Kennaraháskóla Íslands í blaðinu í gær sagði að 152 hefðu verið brautskráðir með meistaragráðu frá skólanum á árinu. Hið rétt er að 152 hafa útskrifast með meistaragráðu frá skólanum frá upphafi.

Konan, sem var flutt á gjörgæsludeild eftir áreksturinn á Holtavörðuheiði, var í bíl með konunni sem lést. Hjónin, sem óku í pallbíl, voru hins vegar flutt með sjúkrabíl á Borgarnes og með minni háttar áverka. Í blaðinu í gær var þessu snúið við.

# Skatturinn spyr um gömul umsýslugjöld

**Skattyfirvöld í Reykjavík spyrja kaupendur fasteigna bréflega um greiðslu umsýslugjalds til fasteignasala. Engin ástæða til að ætla að öðruvísi sé farið með þetta gjald en aðrar tekjur segir framkvæmdastjóri Félags fasteignasala.**

**VIÐSKIPTI** Skattstjórinn í Reykjavík hefur sent nokkrum borgarbúum bréf þar sem óskað er eftir upplýsingum um fasteignaviðskipti viðkomandi fyrir nokkrum árum.

Spurt er hvort viðkomandi hafi greitt fasteignasala umsýslugjald og óskað eftir gögnum því til staðfestingar innan tíu daga.

„Ég get ekki tjáð mig um þetta í sjálfu sér,“ segir Gestur Steinþórsson, skattstjóri í Reykjavík. Hann féllst á að afhenda Fréttablaðinu eintak af slíku bréfi þar sem persónulegar upplýsingar höfðu verið þurrkaðar út. Þar er spurt um fasteignaviðskipti frá árinu 2004. Samkvæmt upplýsingum frá embættinu er um innan við tug sambærilegra bréfa að ræða.

Aðpurður hvort grunur væri um að skattur hafi ekki verið greiddur af umsýslugjaldi í einhverjum tilvikum, sagði Gestur að ekki þurfi að vera neinn grunur um eitthvað misjafnt til þess að embættið kanni málið. Starfsmenn embættisins kanni reglulega ýmsa þætti án þess að grunur sé um skattsvik. Hann vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið.

Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, segir skattstjóra ekki hafa óskað eftir upplýsingum um umsýslugjaldið frá fasteignasölum.

Hann segir það koma á óvart að fólk sem hafi keypt fasteign fyrir einhverjum árum síðan sé krafið um gögn, enda einstaklingar ekki skyldugir til að halda bókhald og geyma kvittanir. Því telji hann fólki ekki skylt að veita skattyfirvöldum upplýsingarnar.

Í bréfi skattstjóra er vísað í lög um tekjuskatt, en þar segir að öllum aðilum sé skylt að láta skattayfirvöldum í té allar upplýsingar og gögn sem þau óska eftir og „unnt er að láta þeim í té“. Ekki kemur fram hvað gerist veiti viðtakandi ekki umbeðnar upplýsingar innan tímafrestsins.

Grétar segir orðalagið í bréfinu hvasst og líklegt að einhverjum geti orðið mikið um að fá slíkt bréf frá skattyfirvöldum. Sérstaklega þar sem þar er krafist gagna og skýringa innan tíu daga vegna viðskipta sem hafi átt sér stað fyrir nokkrum árum.

„Ég hef enga ástæðu til að ætla að fasteignasalar fari öðruvísi með þetta gjald en aðrar tekjur,“ segir Grétar. Hann segir engan ágreining uppi um það hvernig greiða skuli skatta af umsýslugjaldinu, þetta sé talið fram eins og aðrar tekjur.

Umsýslugjald er greiðsla sem flestir fasteignasalar innheimta af kaupendum fasteigna. Algengt er að þetta gjald sé á bilinu 25 til 40 þúsund krónur.

brjann@frettabladid.is



**SKATTSTJÓRI** Í bréfi Skattstjórans í Reykjavík er veittur 10 daga frestur frá dagsetningu bréfsins til að leggja fram greiðslukvittun fyrir umsýslugjaldi til fasteignasala. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## BRÉF SKATTSTJÓRANS Í REYKJAVÍK

Fréttablaðið hefur fengið afrit af bréfi Skattstjórans í Reykjavík. Þar er það „lagt fyrir“ viðtakanda, með tilvísun í lög og reglugerðir, að láta í té upplýsingar um fasteignaviðskipti.

Tíundað er hvaða fasteign viðtakandi hafi keypt og fyrir milligöngu hvaða fasteignasala. Spurt er hvort viðkomandi hafi greitt umsýslugjald og ef svo er óskað eftir því að lögð séu fram gögn því til staðfestingar, til dæmis uppgjör eða greiðslukvittun.

Veittur er tíu daga frestur frá dagsetningu bréfsins til þess að „láta í té umbeðin gögn og skýringar“. Ekki kemur fram hvað gerist geti viðkomandi ekki fundið kvittanir eða kjósi að svara ekki erindinu.

Formaður Bændasamtakanna:

# Ánægður með ráðuneytisstjóra

**LANDBÚNAÐUR** „Þeir fengu besta manninn,“ segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, en Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri samtakanna, hefur verið ráðinn ráðuneytisstjóri sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.



**HARALDUR BENEDIKTSSON**

„Sigurgeir hefur unnið mjög gott starf fyrir Bændasamtökin í tólf ár, við getum ekki ætlast til meira af honum.“

Haraldur segir ekki búið að ákveða hvernig ráðningu eftirmanns Sigurgeirs verði hagað, en þau mál verði rædd innan stjórnarinnar á næstu dögum. - sþs

Umhverfisstofnun SÞ:

# Fleira en hlýnun ógnar jörðu

**UMHVERFISMÁL Alþjóðasamfélagið verður að bregðast hraðar við loftslagsbreytingum, vaxandi samkeppni um landnýtingu, fækkun dýrategunda, þverrandi fiskistofnum og ferskvatnsforða og öðrum ógnum við umhverfi hnattarins.**

**Þetta er meðal þess sem varað er við í nýrri skýrslu Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNEP.**

**Að skýrslunni standa 390 sérfræðingar hvaðanæva úr heiminum og í henni er lagt mat á framvinduna síðan síðasta hliðstæða skýrsla var gerð árið 1987, Brundtland-skýrslan sem svo var nefnd.** - aa






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**MORGUNDAGURINN.** Það er yfirleitt rólegheitaveður á landinu í dag en á morgun snýst hann í allhvassa og sumstaðar hvassa suðaustan átt, fyrst suðvestanlands. Þessu veðri fylgir myndarlegt úrkomusvæði og þar sem hitinn á landinu verður undir núllinu til að byrja með má búast við snjókomu í fyrstu sem síðan þróast yfir í slyddu og rigningu. Úrkomuloftið nær norður yfir land síðdegis á morgun.

**REYKJAVÍK Í DAG** Hæg breytileg átt og skýjað. Él síðdegis eða í kvöld. Hiti við frostmark.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C léttskýjað | London | 14°C skúrir | Friedrichshafen | 11°C léttskýjað |
| Billund | 10°C skúrir | París | 14°C skúrir | Lúxemborg | 11°C skúrir |
| Osló | 9°C rigning | Amsterdam | 13°C skúrir | Alicante | 22°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 10°C skúrir | Frankfurt | 12°C skúrir | Róm | 19°C léttskýjað |
| Gautaborg | 11°C skúrir | Berlín | 13°C léttskýjað | Las Palmas | 25°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




**Nú gefst tækifæri til að gefa afgangsmyntinni þinni nýtt hlutverk með því að láta hana renna til myntsöfnunar Rauða krossins.** Rauði krossinn hefur sent umslög inn á öll heimili í landinu og í þau má setja bæði íslenska og útlenda mynt og skila inn á næsta pósthús eða Sparisjóð.
**Með þessu móti styrkir þú innanlandsstarf Rauða krossins og stuðlar að mannúð og betra samfélagi.**

**Smápeningarnir þínir geta komið að góðum notum!**

Rauði krossinn bregst við neyð jafnt innanlands sem utan og veitir margvíslega aðstoð sem gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum.

Iceland Express

eru styrktaraðilar myntsöfnunarátaksins

Rauði kross Íslands
Sími 570 4000 • www.raudikrossinn.is

Fíton/SÍA FI023576

## KJÖRKASSINN



*Átt þú hlutabréf?*

| | |
|---|---|
| Já | 36% |
| Nei | 64% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Myndir þú vilja fá greidd laun í evrum?*

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Ljósmynd af einu frægasta málverki sögunnar eftir Leonardo da Vinci í sextán milljarða pixla upplausn:

# Síðasta kvöldmáltíðin komin á netið

**LIST** Ekki þarf lengur að heimsækja Mílanóborg á Ítalíu til að skoða Síðustu kvöldmáltíðina, málverkið fræga eftir Leonardo da Vinci, í nærmynd. Internettenging er nú það eina sem þarf, því yfirvöld í borginni létu um síðustu helgi setja ljósmynd af málverkinu í hárri upplausn á netið.

Upplausnin er heilir sextán þúsund megapixlar, og er hægt að skoða hvern millimetra málverksins nákvæmlega með því að þysja að. Sérfræðingar í málverkum da Vincis munu nota þessa mynd til að rannsaka betur ýmsar ráðgátur verksins.

Hægt er að skoða myndina í venjulegum vafra á vefsíðunni www.haltadefinizione.com. - sþs



**SÍÐASTA KVÖLDMÁLTÍÐIN** Eitt frægasta málverk sögunnar er nú hægt að skoða ofan í kjölinn á netinu.



**HNÍFUR PÉTURS** Í verkinu sést í hníf, sem Pétur postuli er talinn halda á. Ekki er vitað hvaða merkingu hann hefur.



**NÆRMYND** Hægt er að skoða minnstu smáatriði verksins með því að þysja að.



**KYNNA AÐGERÐIR** Rice og Paulson kynna aðgerðirnar í Washington. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarískar aðgerðir gegn Íran:

## Loka fyrir fjármálaþjónustu

**WASHINGTON, AP Bandarísk stjórnvöld ákváðu fyrir helgi að herða til muna refsiaðgerðir gegn Írönum. Þær miða að því útiloka íranskar stjórnar- og fjármálastofnanir frá því að geta notið þjónustu bandaríska fjármálakerfisins.**

**Aðgerðirnar eru þær víðtækustu síðan sendiráð Bandaríkjanna í Teheran var tekið hernámi í klerkabyltingunni árið 1979.**

**Condoleezza Rice utanríkisráðherra og Henry Paulson fjármálaráðherra sögðu aðgerðirnar munu einangra Íransstjórn enn frekar en orðið er með því að hamla gegn tengingu hennar við alþjóðahagkerfið og letja menn til að eiga viðskipti við hana. - aa**

Makrílveiðar umdeildar:

## Mikið í húfi með stjórnun veiðanna

**SJÁVARÚTVEGUR** Friðrik Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir norskan starfsbróður sinn reyna allt hvað hann geti til að koma í veg fyrir að Íslendingar fái hlutdeild í makrílstofninum í Norður-Atlantshafi. Þetta kemur fram á fréttavefnum skip.is.

Audun Maraak, forsvarsmaður norskra útvegsmanna, sakar Íslendinga um að ýkja makrílafla á Íslandsmiðum. Hann hefur viðrað þessar grunsemdir í bréfi til norska sjávarútvegsráðherrans og beðið hann að ræða við íslensk stjórnvöld. Friðrik segir mikla hagsmuni í húfi að Íslendingar fái að hafa áhrif á veiðistjórnun. Fiskistofa hafi fylgst vel með löndun á makríl og tekið sýni úr afla, þannig að ásakanir Norðmanna um falsaðar aflatölur virðist út í hött. - shá



**Á NÓTAVEIÐUM** Íslendingar hafa veitt yfir 30 þúsund tonn af makríl á þessari vertíð. MYND/ÞK



**HVÍTA HÚSIÐ** Forsetakosningar fara fram í nóvember 2008 en forkosningar hefjast í báðum stóru flokkunum vestra strax í janúar.

# Allt enn opið hjá repúblikönum vestra

**Hillary Clinton er orðin svo gott sem örugg um útnefningu Demókrataflokksins til forsetaframboðs í Bandaríkjunum á næsta ári en mun meira jafnræði er með keppinautum Repúblikanaflokksins. Rudy Giuliani mælist nú þeirra fremstur.**

**BANDARÍKIN** Í baráttunni fyrir útnefningu til forsetaframboðs í kosningunum í nóvember 2008 er Hillary Clinton nú komin með svo mikið forskot meðal kjósenda demókrata að erfitt er að sjá að nokkur innanflokkskeppinautur hennar eigi roð í hana. Meðal repúblikana er baráttan hins vegar enn galopin, þótt Rudolph Giuliani, fyrrverandi borgarstjóri New York, mælist með mest fylgi þeirra sem keppast um útnefninguna.

Í skoðanakönnun sem sjónvarpsstöðin CNN birti fyrir nokkrum dögum mældist stuðningur við Hillary Clinton meðal kjósenda demókrata vera kominn í fyrsta sinn yfir helming, eða 51 prósent. Næstmest fylgi hefur Barack Obama, en það er þó ekki meira en 21 prósent. Áhersla kosningabaráttu hans beinist nú enda að því að gagnrýna Hillary og stefnumál hennar.

Meðal repúblikana mælist fylgi við Giuliani nú 27 prósent á landsvísu, en talsverður munur er á fylginu eftir ríkjum. Næstur honum kemur Fred Thompson, fyrrverandi öldungadeildarþingmaður frá Tennessee, með 19 prósent og þar næst öldungadeildarþingmaðurinn John McCain frá Arizona með 17 prósent.

Meðal repúblikanaframbjóðendanna sem koma þar fyrir aftan telur Mitt Romney, fyrrverandi ríkisstjóri í Massachusetts, sig eiga besta möguleika, þótt hann mældist nú einungis með 13 prósenta fylgi á landsvísu. Hann lýsti því yfir á föstudag að hann teldi að á lokasprettinum myndu repúblikanar gera upp á milli tveggja frambjóðenda; annar yrði hinn frjálslyndi Giuliani en hinn yrði fulltrúi íhaldssamari afla í flokknum. Og sá yrði Mitt Romney.

„Ég hef enga trú á að Repúblikanaflokkurinn geti haldið Hillary Clinton frá Hvíta húsinu með því að haga sér eins og Hillary Clinton,“ sagði hann. Að sínu mati hefði Giuliani þetta góða forskot sem hann mældist með í skoðanakönnunum vegna þess að um meirihlutinn – sem væru meirihlutinn – kepptust mun fleiri frambjóðendur á meðan Giuliani sæti svo til einn að atkvæðum hinna frjálslyndari.

Talsmaður Giulianis vísaði þessu á bug. Þegar nánar er rýnt í kannanir á viðhorfum repúblikana kemur líka í ljós að Giuliani hefur ekki bara forskot í „frjálslyndum“ ríkjum austast og vestast í landinu, heldur hefur hann líka mikið fylgi í ríkjum þar sem kristna hægrijaðarhreyfingin er áhrifamest.

Romney hefur einbeitt sér að því að byggja upp fylgi í Iowa og New Hampshire, sem eru fyrstu ríkin þar sem forkosningar fara fram í upphafi næsta árs. Sagan sýnir að miklu máli skiptir að frambjóðendur komi vel út úr fyrstu forkosningunum. Þeir sem gera það ekki heltast gjarnan fljótt úr lestinni. audunn@frettabladid.is



**CLINTON-HJÓNIN** Á fundi með flokksforkólfum demókrata í New York um helgina. „Hún getur unnið, og það skaðar ekki að hún getur orðið fyrsti kvenforseti Bandaríkjanna,“ sagði fyrrverandi forsetinn Bill Clinton um eiginkonuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**RUDY GIULIANI**



**MITT ROMNEY**



**FRED THOMPSON**



**JOHN MCCAIN**

TASKI



Bjarnþór Þorláksson, bílstjóri hjá RV

**Gólfþvottavélar á rekstrarleigu**

*Engin útborgun, engin fjárbinding, aðeins mánaðarlegar greiðslur.*

**TASKI swingo XP**

**TASKI swingo 3500 B**

**TASKI swingo 1250 B**

**TASKI swingo 750 B**

**TASKI swingo gólfþvottavélar**
*Einfaldar í notkun - lipar og leika í höndunum á þér*

TASKI Swingo 1250 B

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum og ráðgjöfum RV



**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

RV UNIQUE 100701

# Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

## Fjármálakvöld fyrir almenning

Landsbankinn kynnir „fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld", röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um þætti sem lúta að fjármálum heimilanna, fjárfestingartækifærum og lífeyrismálum. Fjármálafræðslan er öllum opin og án endurgjalds.

## Efni einstakra námskeiða:

**Hvar liggja fjárfestingartækifærin?** Framtíð krónunnar, vaxtamál og útlitið á fjármálamörkuðum.

**Fjármál heimilisins frá A-Ö** Lægri vextir, að þekkja lánamöguleika sem í boði eru, sparnaðarráð og fleira.

**Lífeyrismál frá A-Ö** Hámörkun lífeyrissparnaðar, ávöxtunarleiðir, styttri starfsævi, hvernig má eignast fimm milljónir í aukasjóð og fleira.

### Dagskrá fjármálakvölda

| | | |
|---|---|---|
| 1. nóv. | Aðalbanki | Hvar liggja fjárfestingartækifærin? |
| 8. nóv. | Árbær | Fjármál heimilisins frá A-Ö |
| 15. nóv. | Egilsstaðir | Fjármál heimilisins frá A-Ö |
| 22. nóv. | Grafarholt | Lífeyrismál frá A-Ö |
| 29. nóv. | Akureyri | Hvar liggja fjárfestingartækifærin? |

## Fræðslukvöld fyrir innflytjendur

Fræðslukvöld verða haldin í nóvember fyrir innflytjendur en námskeiðin eru samvinna sérfræðinga hjá Alþjóðahúsi og Landsbankanum. Námskeiðin eru opin öllum án endurgjalds og verða kennd á íslensku en eitt markmið námskeiðanna er að flétta saman íslenskukennslu og fjármálafræðslu. Takmarkið er að gefa innflytjendum kost á að tileinka sér orð og hugtök sem nota þarf í almennum bankaviðskiptum.

### Dagskrá fræðslukvölda

| | | |
|---|---|---|
| 8. nóv. | Fjarðargata | Greiðslumiðlun og lántaka |
| 15. nóv. | Aðalbanki | Greiðslumiðlun og lántaka |
| 22. nóv. | Mjódd | Tryggingar og sparnaður |
| 29. nóv. | Laugavegur 77 | Tryggingar og sparnaður |

NÓVEMBER

**Skráning hafin á landsbanki.is**

Skráning á fjármálakvöld fer fram á landsbanki.is
eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Verið innilega velkomin.

Landsbankinn

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 39692 10.2007

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvaða rokkari hélt risatónleika í Laugardalshöll á laugardagskvöld?*

**2.** *Hvaða fyrirtæki hyggst bjóða starfsmönnum sínum upp á að fá laun sín greidd í evrum?*

**3.** *Hver hefur tekið við stöðu knattspyrnustjóra hjá enska úrvalsdeildarliðinu Tottenham?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Stjórnendur Atlanta kaupa flugreksturinn og félag stofnað um flugvélaflotann:

# Eimskip selur hluta Atlanta

**VIÐSKIPTI** Eimskip hefur samið um sölu meirihluta hlutafjár Air Atlanta. Félaginu hefur verið skipt upp í tvær einingar. Annars vegar flugfélagið Air Atlanta og hins vegar flugvélaeignarhaldsfélagið Northern Lights Leasing (NLL). Verðmæti heildarhlutafjár Air Atlanta er um 3,9 milljarðar króna samkvæmt tilkynningu. Virði hvors félags um sig fæst ekki gefið upp. Söluverð er því á huldu.

Félag í eigu stjórnenda Atlanta, Hannesar Hilmarssonar forstjóra og Geirs Vals Ágústssonar fjármálastjóra, kaupir allt hlutafé flugfélagsins Air Atlanta. Hannes segir að stefnt sé að því að fá utanaðkomandi fjárfesta að félaginu. „Við ætlum að nota næstu vikur vel og skoða öll tækifæri. Við ætlum að byggja upp öflugt félag á rótgrónum grunni sem Air Atlanta stendur á.“



**HANNES HILMARSSON, FORSTJÓRI AIR ATLANTA** Félag í eigu stjórnenda Atlanta hefur keypt rekstrarhluta flugfélagsins.

Arctic Partners kaupa 51 prósents hlut í NLL. Félagið á fyrir flugvélamiðlunina Avion Aircraft Trading. Arctic Partners er í eigu Hafþórs Hafsteinssonar, Arngríms Jóhannssonar og smærri innlendra og erlendra fjárfesta. Að sögn Hafþórs hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort félögin verða sameinuð þegar fram líða stundir. Það gæti allt eins verið. Eimskip heldur eftir 49 prósenta hlut í NLL. Til stendur að selja þann hluta þegar fram líða stundir.

Með sölunni á Atlanta hefur Eimskip selt sig að fullu út úr flugrekstri. Framvegis mun félagið einbeita sér að meginstarfsemi sinni, flutningum og rekstri á kæli- og frystigeymslum. **- hhs**

Hlaut skilorð fyrir líkamsárás:

# Kýldi mann en ekki með glasi

**DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í sextíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás í Héraðsdómi Austurlands. Hann kýldi 34 ára mann fyrir utan skemmtistaðinn Svarthvítu hetjuna í Fellahreppi í september í fyrra, þannig að tennur brotnuðu og nef bólgnaði. Ekki þótti sannað að hann hefði slegið manninn með glasi, eins og kom fram í ákæru.**

**Árásarmaðurinn sagðist hafa kýlt frá sér þegar fórnarlambið veittist að honum og tuskaði hann til. Auk skilorðsins var hann látinn greiða fórnarlambinu 366 þúsund krónur í skaðabætur.** **- sþs**

Meirihlutasamstarf í hættu:

# Vika áfalla fyrir meirihluta Prodi

**ÍTALÍA, AP** Stjórnarmeirihluti Romanos Prodi, forsætisráðherra Ítalíu, stendur veikum fótum eftir viku markaða áföllum þar sem ráðherrar hótuðu að sprengja ríkisstjórnarsamstarfið og sjö atkvæðagreiðslur töpuðust í þinginu.



**ROMANO PRODI** Forsætisráðherra Ítalíu.

Prodi sá sig loks knúinn á fimmtudagskvöld til að skora opinberlega á uppreisnargjarna samstarfsfélaga sína að segja til hvort þeir vildu í raun styðja ríkisstjórnina.

Prodi leiðir eins sætis meirihluta í efri deild þingsins og hefur samstarfið verið stormasamt allt frá myndun þess í apríl 2006. **- sdg**

Norsk-íslenska síldin:

# 183 þúsund tonn til Íslendinga

**SJÁVARÚTVEGUR Íslensk skip mega veiða 183.697 tonn úr norsk-íslenska síldarstofninum samkvæmt samkomulagi sem samþykkt var á fundi strandríkja um stjórnun síldveiða fyrir árið 2008. Á fundinum, sem lauk í Lundúnum á fimmtudag, náðist samkomulag um að heildaraflamark yrði 1.266.000 tonn árið 2008. Norðmenn fá eins og áður mest í sinn hlut eða rúm 770 þúsund tonn.**

**Niðurstaðan er í samræmi við vísindaráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og stjórnunaráætlun um sjálfbæra nýtingu stofnsins til lengri tíma. Niðurstaða vísindamanna er að stofninn sé í góðu ásigkomulagi og lítil breyting er á leyfilegum heildarafla milli ára, eða 1,09 prósent.** **- shá**



**RÍKISRÁÐIÐ** Aðgengi almennings að núverandi ráðherrum virðist almennt séð nokkuð gott. Þeir eru flestir með fasta vikulega viðtalstíma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þrír ráðherrar ekki með fasta viðtalstíma

**Allir ráðherrar nema þrír eru með fasta viðtalstíma fyrir hádegi á miðvikudögum. Biðtími eftir viðtali gæti verið um vika en ætti ekki að vera lengri en einn mánuður. Elstu menn í heilbrigðisráðuneytinu muna ekki eftir viðlíka ásókn.**

**STJÓRNMÁL** Þrír ráðherranna taka ekki frá fastan tíma í mánuðinum til að veita viðtöl. Þeir eru formenn flokkanna, þau Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, ásamt samgönguráðherra, Kristjáni Möller.

Kristján er þó sagður afar duglegur að veita viðtöl og hefur komið fyrir að hann helgi heilum degi til þessa. Hann hringir til að mynda gjarnan í fólk sem hefur pantað viðtal og býr á landsbyggðinni og reynir að spara þeim sporin gegnum símann.

Samgönguráðherra reynir að koma öðrum viðtölum fyrir einu sinni í mánuði, og þá á miðvikudagsmorgnum.

Ekki er mikið um að almenningur panti viðtal við Geir H. Haarde forsætisráðherra, en það gerir fjöldinn allur af sveitarstjórnarmönnum og hagsmunaaðilum, ásamt fólki úr stjórnkerfinu. Þá ganga almennir ráðherrar fyrir.

Þá veitir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra viðtöl „eftir þörfum“, samkvæmt upplýsingum frá aðstoðarmanni.

Allir aðrir ráðherrar veita viðtöl fyrir hádegi á miðvikudögum, en svo er að skilja á riturum þeirra og aðstoðarmönnum að starfið gangi meira og minna út á ýmis viðtöl og spyr þá enginn hvaða dagur er.

Elstu menn í heilbrigðisráðuneytinu muna ekki eftir annarri eins ásókn í viðtöl og við núverandi heilbrigðisráðherra, Guðlaug Þór Þórðarson.

Hann hefur í sumar svarað allt að 300 erindum í eigin persónu og náð að stytta biðlistann mikið. Viðtals við Guðlaug bíða þó enn tæplega 100 einstaklingar og samtök.

Einnig virðist mikil eftirspurn eftir viðtali við menntamálaráðherra. Hann fær viðtalsbeiðnir oft á dag og bíða „þónokkrir“ viðtals við hann, en ekki fengust nákvæmari upplýsingar um hversu margir það eru. **klemens@frettabladid.is**

### VIÐTALSTÍMAR RÁÐHERRANNA

| Ráðherra | Fastur tími | Annað |
|---|---|---|
| Árni Matthías Mathiesen, fjármálaráðherra | Miðvikud. f. hádegi | Milli 30 og 40 manns bíða viðtals. |
| Björgvin Guðni Sigurðsson, viðskiptaráðherra | Miðvikud. f. hádegi | Fólk bíður mest í tvær vikur eftir viðtali. |
| Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra | Miðvikud. f. hádegi | Sagður passasamur um að ekki verði langur biðlisti. |
| Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra | Miðvikud. f. hádegi | Gefur allt að 30 mínútur á mann. |
| Geir Hilmar Haarde, forsætisráðherra | Nei | Afgreiðir beiðnir jöfnum höndum. Almenningur sækir ekki oft um viðtal. |
| Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra | Miðvikud. f. hádegi | Afar mikið sóst eftir viðtölum. Tæplega 100 að bíða. |
| Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra | Nei | Veitir viðtal eftir þörfum. |
| Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra | Miðvikud. f. hádegi | Nær að tala við flesta í sömu viku og þeir vilja hitta hana. |
| Kristján Möller, samgönguráðherra | Nei | Sagður duglegur við að koma til móts við fólk alla daga vikunnar. |
| Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra | Miðvikud. f. hádegi | Margir sækja um viðtal við og eru þó nokkrir að bíða. |
| Þórunn Sveinbjarnardóttir, umhverfisráðherra | Miðvikud. f. hádegi | Fólk er afgreitt jafnóðum og biðlisti varla til að tala um. |
| Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra | Miðvikud. f. hádegi | Afgreiðir viðtalsbeiðnir á ýmsa vegu og eru um 20 á biðlista. |


FJÁRMÁLARÉTTARSTOFNUN
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

NÝ HEILDARLÖG UM VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI OG KAUPHALLIR
- HELSTU NÝMÆLI OG BREYTINGAR

Fjármálaréttarstofnun HR og viðskiptaráðuneytið standa fyrir hádegisfundi þriðjudaginn 30. október frá kl. 12:00-13:30 í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, 3. hæð.

Dagskrá:

12:00 **Björgvin G. Sigurðsson,** viðskiptaráðherra setur fundinn

12:10 **Ný heildarlög um verðbréfaviðskipti og kauphallir, helstu nýmæli og breytingar**
Haraldur Örn Ólafsson, lögmaður hjá Glitni banka hf. og Kristinn Arnar Stefánsson, regluvörður bankans.

12:50 **Áhrif nýrrar löggjafar á starfsemi fjármálafyrirtækja**
Einar Páll Tamimi, framkvæmdastjóri lögfræði- og regluvörslusviðs Glitnis banka hf.

13:20 **Almennar umræður**

**Fundarstjóri:** Aðalsteinn E. Jónasson, hrl. og lektor við lagadeild HR.

Skráning fer fram í síma 599-6267 eða í netfang: johanna@ru.is.

Verð kr. 1500.- með hádegismat . Greitt við innganginn.

Viðskiptaráðuneyti

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY




Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.




Forsetakosningar í Argentínu:

# Forsetafrú verður forseti

**ARGENTÍNA, AP** Christina Fernandez de Kirchner, forsetafrú Argentínu, virtist í gær nær örugg um að tryggja sér umboð til að sitja sjálf á forsetastól næsta kjörtímabil. Úrslit verða kunn í dag, en allt benti til að hún myndi strax í fyrstu umferð tryggja sér yfir 40 prósent atkvæða og þar af leiðandi ná kjöri án þess að til úrslitaumferðar milli tveggja efstu frambjóðenda þyrfti að koma. Alls voru 14 í framboði.

Nestor Kirchner, fráfarandi forseti, hefur notið mikillar hylli fyrir að hafa stýrt landinu út úr mestu efnahagskreppu í sögu þess. Sjálf er Fernandez öldungadeildarþingmaður. **- aa**



**VERÐANDI FORSETI** Christina Fernandez de Kirchner á kjörstað í Rio Gallegos. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SKJÓL** Umönnunar- og hjúkrunarheimilið Skjól er sjálfseignarstofnun og að því standa Alþýðusamband Íslands, Reykjavíkurborg, Samband lífeyrisþega ríkis og bæja, Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði, Bændasamtök Íslands og Þjóðkirkjan. Um eitt hundrað heimilismenn eru á Skjóli.

# Staðið verði við fyrirheitin

**Aðstandendur heimilisfólks á Skjóli vilja að laun starfsfólks verði hækkuð og starfsemin efld. Varaformaður Samfylkingarinnar segir löngu tímabært að hækka laun starfsfólks í umönnunarstörfum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Aðstandendur heimilisfólks á hjúkrunarheimilinu Skjóli er farið að lengja eftir að meiri peningar verði lagðir til starfseminnar. Funda þeir með heilbrigðisnefnd Alþingis á morgun til að ræða manneklu og aðbúnað heimilisfólks.

Aðstandendur óskuðu eftir fundinum en sams konar fundur var haldinn fyrir ári. „Við fengum bréf frá landlækni um það leyti sem aðstandendafélagið var stofnað í fyrra, sem staðfesti að það vantaði fé inn í málaflokkinn og að mönnun væri áfátt,“ segir Halldór Torfason, einn stjórnarmaður Aðstandendafélagsins á Skjóli. „Í kjölfarið fórum við á fund nefndarinnar en lítið hefur gerst síðan og af þeim sökum óskuðum við eftir nýjum fundi. Við bindum miklar vonir við fundinn enda var það á stefnuskrá allra flokka fyrir kosningar að auka fé til málaflokksins. Því miður skilaði það sér þó ekki inn í fjárlagafrumvarpið en við höfum einnig óskað eftir fundi með fjárlaganefnd.“ Halldór segir félagið berjast fyrir fleiri hjúkrunarheimilum, hærri launum starfsfólks, öflugra starfi og meiri örvun fyrir vistmenn.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar og varaformaður heilbrigðisnefndar, mun stýra fundinum í fjarveru Ástu Möller, formanns. Hann segir ríkisstjórnina gera sér grein fyrir manneklunni og að taka þurfi þjónustuna í gegn. Ágúst Ólafur bindur vonir við núverandi ríkisstjórn komi til með að gera það. „Það er í stjórnarsáttmálanum og auk þess eru kjarasamningar á leiðinni. Það er löngu tímabært að laun þessara stétta verði hækkuð. Það er komið að þeim og við þurfum að standa okkur betur,“ segir Ágúst Ólafur.

vera@frettabladid.is



Álandseyjar:

## Ný heimastjórn

**ÁLANDSEYJAR Álendingar eru að fá nýja heimastjórn, að sögn blaðsins Ålandstidningen á Álandseyjum. Stjórnina skipa sjö ráðherrar, fjórir frjálslyndir og þrír frá Miðflokknum undir forsæti hinnar frjálslyndu Viveka Eriksson.**

**Stjórnarsáttmáli nýju stjórnarinnar liggur fyrir. Álenska heimastjórnin stendur vel fjárhagslega og ætlar að nýta sér það til að hækka bætur til þeirra sem minna mega sín, styðja landbúnað á eyjunum og verja hundruðum milljóna íslenskra króna í ferju og nýjan golfvöll.**

**Álandseyjar tilheyra finnska ríkinu.** - ghs

Loftslagsmál verða í brennidepli á 59. þingi Norðurlandaráðs sem hefst í Ósló á morgun:

# Íslendingar áhugalitlir um umhverfið

STJÓRNMÁL Viðbrögð Norðurlanda við loftslagsbreytingum, ekki síst afleiðingum þeirra á Norðurslóðum, verða í brennidepli á þingi Norðurlandaráðs, sem fram fer í Ósló í Noregi nú um mánaðamótin.

Áður en þingið hefst hittast ríkisstjórnaleiðtogar Norðurlandanna fimm og Færeyja, Grænlands og Álandseyja, að viðbættum stjórnarandstöðuleiðtogum þjóðþinganna á „norrænum leiðtogafundi“, en aðalmálið á dagskrá fundarins verður viðbrögð við loftslagsbreytingunum.

Þetta kom fram í máli Árna Páls Árnasonar, formanns Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, á blaðamannafundi.

Á fundinum vakti Árni athygli á niðurstöðum nýrrar viðhorfskönnunar, sem gerð var á Norðurlöndunum. Meðal niðurstaðna er að Íslendingar og Norðmenn eru mjög áfram um að Norðurlöndin leggi áherslu á samvinnu á sviði utanríkis- og öryggismála, en öryggis- og varnarmál hafa fram til þessa verið nær alveg utan við málefnasvið norræns samstarfs.

Svör Íslendinga skera sig einnig úr í könnuninni þegar kemur að loftslags- og umhverfismálum. Mun lægra hlutfall Íslendinga telur mikilvægt að norrænt samstarf fjalli um það svið en aðrir Norðurlandabúar. Þá segjast mjög fáir Íslendingar reiðubúnir til að greiða meira fyrir rafmagn og eldsneyti ef það hefur í för með sér að Norðurlöndin losi minna af gróðurhúsalofttegundum. - aa



**DAGSKRÁIN KYNNT** Alþingismennirnir Árni Páll Árnason og Siv Friðleifsdóttir kynntu það sem efst verður á baugi á Norðurlandaráðsþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samráð Rússa og ESB:

## Pútín vísar til Kúbudeilunnar

PORTÚGAL, AP Vladimír Pútín Rússlandsforseti sagði deiluna um fyrirhugaða uppsetningu bandarísks eldflaugavarnabúnaðar í austanverðri Mið-Evrópu eiga sér vissa hliðstæðu í Kúbudeilunni í byrjun sjöunda áratugarins.

Við lok samráðsfundar ráðamanna Rússlands og Evrópusambandsins á föstudag sagði Pútín fyrirhugaða uppsetningu sovéskra kjarnorkuflauga á Kúbu á sínum tíma „hliðstæðar aðgerðir“. „Slíka ógn er verið að setja upp við landamæri okkar,“ sagði hann.

Pútín og ESB-ráðamennirnir reyndu annars að lýsa fundi sínum sem árangursríkum, þótt það verkaði lítt sannfærandi. - aa



**TYRKNESKI FÁNINN** Um 2.300 Tyrkir búsettir í þýsku borginni Hannover mótmæltu PKK-flokknum. NORDICPHOTOS/AFP

Tyrkir þrýsta á Íraka:

## Vilja framsal PKK-leiðtoga

TYRKLAND, AP Tyrknesk stjórnvöld gáfu íraskri sendinefnd lista yfir kúrdíska uppreisnarleiðtoga Kúrdíska verkamannaflokksins PKK, sem þau krefjast að verði framseldir að því er aðstoðarforsætisráðherra Tyrklands, Cemil Cicek, greindi frá.

Tyrknesk sjónvarpsstöð hafði eftir íröskum embættismönnum að 153 menn væru á listanum og að mögulegt væri að afhenda að minnsta kosti átján PKK-meðlimi.

Íraskir leiðtogar hafa áður sagt að þeir hafi ekki vald til að handtaka kúrdíska uppreisnarleiðtoga. Tyrkir saka Íraka um að láta hryðjuverk PKK óátalin. - sdg

Átján ára dæmdur í fangelsi:

## Átta mánuðir vegna bæklings

**LONDON, AP Átján ára breskur múslími var á föstudag dæmdur til átta mánaða fangelsisvistar í unglingafangelsi fyrir að hafa í fórum sínum bækling um sprengjefni.**

**Abdul Patel, sem býr í London, var í síðasta mánuði sakfelldur fyrir að búa yfir upplýsingum sem rétturinn taldi líklegt að gætu nýst til hryðjuverka.**

**Patel bar því við fyrir rétti að hann hefði verið beðinn um að gæta bæklingsins af vini föður síns.** - sdg




HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA



**ÞYRLUFLUG** Þyrluflugmenn í indverska flughernum sýna hæfileika sína á tveimur Sarang-þyrlum á lokadegi alþjóðlegrar hernaðarsýningar í borginni Hyderabad í Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Dómsúrskurður í máli Hópbíla hf. gegn Ríkisútvarpinu vegna afnotagjalda:

# Greiða af 18 útvarpstækjum

**DÓMSMÁL** Fyrirtækið Hópbílar hf. hefur verið úrskurðað í Héraðsdómi Reykjaness til að hlíta fjárnámsaðgerð sýslumannsins í Hafnarfirði vegna gjaldfallinna afnotagjalda af útvarpstækjum í átján atvinnubifreiðum. Sýslumaður gerði fjárnám í einni af bifreiðum fyrirtækisins vegna skuldar þess við Ríkisútvarpið að upphæð 87 þúsund krónur.

Forráðamenn Hópbíla hf. vildu ekki una fjárnámsaðgerðinni og kröfðust ógildingar hennar fyrir dómi. Krafan var byggð á að á árinu 2005 hefði einungis verið innheimt afnotagjald vegna eins útvarpstækis hjá fyrirtækinu en ári síðar hefðu Hópbílar hf. fengið kröfu um greiðslu afnotagjalds af átján útvarpstækjum. Útvarpstæki væru nú almennur fylgihlutur með atvinnubifreiðum, ólíkt því sem verið hefði á fyrstu dögum RÚV. Lögum um RÚV hefði hins vegar ekki verið breytt í samræmi við þessa staðreynd og því skorti lagastoð fyrir innheimtunni.

Lögmaður RÚV upplýsti við munnlegan málflutning að árið 2000 hefði öllum eigendum atvinnubifreiða verið send tilkynning um að gengið yrði eftir greiðslu afnotagjalda vegna viðtækja í slíkar bifreiðir. Ósannað væri því að komist hefði á venja um að innheimta ekki slík gjöld. - jss



**HÓPBÍLAR HF.** Gert að greiða afnotagjöld af átján útvarpstækjum.

Sátt í launadeilu í Finnlandi:

## Fimm daga verkfalli lokið

**HELSINKI, AP Meira en 2.000 starfsmenn í málm- og tækniiðnaði í Finnlandi bundu á föstudag enda á fimm daga verkfall sitt eftir að samkomulag náðist í samningaviðræðum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda.**

**Samtök launþega boðuðu til verkfallsins sem náði til sex finnskra fyrirtækja. Höfðu samtökin hótað því að verkfall yrði boðað í tuttugu fyrirtækjum til viðbótar næðist ekki sátt.**

**Fallist var á tillögu ríkissáttasemjara um 9-10 prósenta launahækkanir sem taka munu gildi á næstu tveimur og hálfa ári.** - sdg

Fyrrverandi ráðherra í Noregi:

## Gerir upp við flokksforystuna

**NOREGUR** Karita Bekkemellem, sem nýlega vék úr embætti ráðherra barna- og jafnréttismála í norsku ríkisstjórninni, ber stjórnunarstíl Jens Stoltenberg, forsætisráðherra og formanns norska Verkamannaflokksins, ekki vel söguna. Í blaðaviðtali gerir hún upp við „valdamenningu“ flokksforystunnar.



**KARITA BEKKEMELLEM**

„Því hefur verið haldið fram að ég hafi grátbeðið Jens [Stoltenberg] um að fá að halda áfram [sem ráðherra], og að ég sé bitur.

Þetta er illkvittinn óhróður,“ tjáði Bekkemellem dagblaðinu Adresseavisen. - aa

# Olían best geymd í Örfirisey

**Olíubirgðastöð er best komið á núverandi stað sínum í Örfirisey, að mati verkefnisstjórnar sem kannaði málið. Formaður borgarráðs telur að óhjákvæmilega muni koma að því að huga verði að flutningi hennar.**

**SKIPULAGSMÁL** Miðað við óbreytt skipulag er Örfirisey ákjósanlegasti staðurinn fyrir olíubirgðastöð á eða í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Þetta er niðurstaða verkefnisstjórnar sem skipuð var í fyrra og var falið að fara yfir áhættumat fyrir olíubirgðastöðina í Örfirisey og kanna möguleika á annarri staðsetningu slíkrar stöðvar.

Þetta er einnig sagt gilda ef möguleg byggðaþróun í Örfirisey og á landfyllingum þar í kring helst vel utan allra hættusvæða, sem nánar eru skilgreind í áhættugreiningu dönsku ráðgjafarstofunnar COWI á stöðinni í Örfirisey. Samkvæmt greiningunni væri byggð óæskileg nær en í 320 til 380 metra fjarlægð frá stöðinni.

Skýrslan var kynnt í borgarráði á fimmtudag. Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, segir skýrsluna grunngagn í umræðum um framtíðaruppbyggingu í Örfirisey. Ljóst sé að olíubirgðastöð verði að vera til staðar í námunda við höfuðborgarsvæðið.

„Hins vegar er það ljóst í mínum huga að til lengri framtíðar þá mun verða slík þróun í kringum Örfirisey og á landfyllingum tengdum henni að það mun kalla á umræðu um flutning þessarar stöðvar, hvert sem það væri. En það þarf að finna þá valkost sem er annaðhvort jafngóður eða betri.“ Björn bendir á að bæði í Ósló og Stokkhólmi hafi sambærilegar stöðvar nýlega verið fluttar vegna framþróunar byggðar. Hann áréttar þó að engin ákvörðun hafi enn verið tekin í þessum efnum.

Verkefnisstjórnin, sem skipuð var fulltrúm slökkviliðs, Olíudreifingar, Faxaflóahafna, Skeljungs og Umhverfissviðs Reykjavíkur, mat kosti og galla fimmtán mögulegra staðsetninga olíubirgðastöðvar. Örfirisey var enn talin ákjósanlegasti kosturinn.

Gert er ráð fyrir að ný stöð myndi kosta um 9,5 milljarða króna. Ekki væri unnt að skerða starfsemi í Örfirisey að nokkru ráði fyrr en önnur væri risin.

Tekið var tillit til áhættu við landflutninga á olíu, sem er jafnan metin þeim mun meiri því lengra sem aka þarf með olíuna. Þá var horft til umhverfissjónarmiða og breytts flutningskostnaðar við mögulega tilfærslu.

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins, var formaður verkefnisstjórnarinnar. Hann segir skýrsluna ætlaða sem kort fyrir þá sem ákvarðanirnar taka. „Það getur vel verið að það sé best fyrir alla að borgin vaxi og dafni úti í Örfirisey og tankarnir fari þá eitthvert annað. Í því gætu líka falist ákveðin tækifæri að þurfa að byggja upp nýja stöð með nýjustu tækni.“

stigur@frettabladid.is



**OLÍUBIRGÐASTÖÐIN Í ÖRFIRISEY** Samkvæmt áhættugreiningu dönsku ráðgjafarstofunnar COWI væri byggð óæskileg nær en í 320 til 380 metra fjarlægð frá stöðinni í Örfirisey. Það mat er bundið við aðstæður í Örfirisey og gæti breyst yrði stöðin færð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**RÖÐ BESTU VALKOSTA:**

**Sjö aðrar staðsetningar voru svo gott sem útilokaðar.**

1. Örfirisey
2. Brimnes
3. Keilisnes
4. Álfsnes
5. Straumsvík
6. Hafnarfjarðarhöfn
7. Helguvík
8. Engey

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Fannst afar ölvaður í bílnum

Lögreglunni á Selfossi barst tilkynning um það í gærmorgun að maður hefði ekið bíl sínum út af Hvammsvegi austan við Selfoss. Maðurinn, sem er á fertugsaldri, reyndist ómeiddur en afar ölvaður, að sögn lögreglu. Hann var látinn sofa úr sér í fangageymslu.



# Viðurkennt tölvunám við allra hæfi

**Computer and office courses for beginners and advanced users**

## Tölvunám byrjenda

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu. Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa um að nota tölvuna sjálfstætt m.a. til að skrifa texta, læri að nota internetið og að meðhöndla tölvupóst.

Kennsla hefst 31. okt. og lýkur 26. nóv. Kennt er mánudaga og miðvikudaga, morgun- og kvöldnámskeið í boði.
Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,- Kennslubók innifalin.

## Bókhald 1

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu. Hentar einnig þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu.
Kennsla byggir að mestu leyti á verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl.
Námið er metið til eininga.
**Helstu kennslugreinar:**
Verslunarreikningur, VSK reglur og skýrslur,
Bókhaldsgrunnur og tölvubókhald.
Lengd: 100 std. Kennsla hefst 8. nóv. og lýkur 20. des.

**Morgunnámskeið:**
Kennt er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 8.30- 12.
**Kvöld og helgarnámskeið:**
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 18 - 21.30 og laugardaga kl 9 - 12.30.
Verð: 94.000,- Allt kennsluefni innifalið.

## Fjárhagsbókhald í Navision

Nám ætlað þeim sem hafa einhvern bókhaldsgrunn að byggja á eða hafa t.d. lokið bókhaldsáföngum í framhalsskóla. Aðalmarkmið er að þjálfa fólk til starfa við tölvubókhald í Navision og kenna meðferð bókhaldsgagna í Navision ásamt uppbyggingu bókhaldslykla í tölvu. Leiðréttingar, millifærlsur, reiknisjöfnuður og afstemmingar. Fylgiskjöl nokkurra mánaða færð með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum.
Lengd 42 std. Verð kr. 49.000,- Innifalið er allt námsefni, fylgiskjalamappa, handbók um tölvubókhald og prufuútgáfa bókhaldsforrits.

**Morgunnámskeið:**
Hefst 9. nóv og lýkur 23. nóv.
Kennt er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 8.30 - 12.
**Kvöld- og helgarnámskeið:**
Hefst 10. nóv og lýkur 24. nóv:
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 18 - 21.30 og laugardaga kl 9 - 12.30.

## Stafrænar myndavélar

Stutt og hnitmiðað nám fyrir byrjendur. Farið yfir helstu stillingar myndavéla, flytja myndir í tölvu og skipuleggja myndasafnið. Einfaldar lagfæringar mynda og myndbygging. Heimaprentun/framköllun, myndir sendar í tölvupósti, brenndar á CD/DVD diska ofl. Þátttakendur læra að sækja og nota Picasa forritið.
Lengd 14 std. Verð kr. 15.000,- Hefst 15. nóvember og lýkur 22. nóvember

**Sjá nánari upplýsingar um námskeiðin og stundaskrár á vef skólans www.tsk.is.**

## Grafísk hönnun



Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk sem og þá sem vilja forskot til frekara hönnunarnáms t.d. á háskólastigi. Hentar einnig vel þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar.

**Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag**

- Photoshop
- Illustrator
- InDesign

Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF). Námskeiðið felst í því að kynna nemendum virkni og uppbyggingu forritanna og að nýta möguleika þeirra til sjálfstæðra vinnubragða.
Kennsla byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum og fá þátttakendur hagnýt verkefni í tengslum við innihald náms. Hefst 8. nóvember
Lengd 105 std. Verð kr. 116.000,- Allt kennsluefni innifalið.

## Önnur námskeið að hefjast

### MCP XP
Grunnbraut fyrir þá sem vilja verða hæfir til að sjá um rekstur og uppsetningu minni og meðalstórra tölvukerfa og fá alþjóðlega vottun því til staðfestingar.
60 stundir. Verð kr. 89.900,- Próf innifalin. Hefst 30. október.

### MCSA
Aðalmarkmið MCSA námskeiðsins er að gera þátttakendur hæfa til að starfa sem sérfræðingar og umsjónarfólk Microsoft netkerfa og veita þeim jafnframt eftirsótta alþjóðlega vottun því til staðfestingar.
240 stundir . Verð kr. 290.000,- 4 próf innifalin. Hefst 30. október.

### Eldri borgarar 60+ Byrjendur
30 kennslustunda byrjendanámskeið sérstaklega ætlað 60 ára og eldri. Engin undirstaða nauðsynleg.
30 std. Verð kr. 20.500,- Hefst 6. nóvember.

### Eldri borgarar 60+ Framhald
30 kennslustunda námskeið, hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu fyrir 60+ eða hafa sambærilega undirstöðu.
30 std. Verð kr. 20.500,- Hefst 5. nóvember.



### VAKTAVINNUFÓLK

**Flest námskeið skólans geta hentað ykkur sérstaklega vel þar sem möguleiki er að skipta milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr á stærri námskeiðum.**

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

# TIL HAMINGJU MEÐ
# ÚRVALS




**BNB - sölugreining**
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 39499 10/07

www.toyota.is

ÚRVALS BÍLL

RISA ÚRVALSBÍLAMARKAÐUR Í FÍFUNNI

# SBÍLINN ÞINN




Við hjá Toyota - Betri notuðum bílum þökkum þér, og öllum þeim sem lögðu leið sína á RISA-Úrvalsbílamarkaðinn í Fífunni, kærlega fyrir komuna og óskum þér til hamingju með Úrvalsbílinn þinn.

**Við viljum minna á að Úrvalsbíllinn þinn stendur meðal annars fyrir:**

- 12 mánaða viðbótarábyrgð
- Umframábyrgð á bremsuhlutum
- Ef hann bilar sjáum við um viðgerð
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- 14 daga skiptirétt

Við vonum að þú getir nýtt þér flugmiðana tvo til Evrópu með Icelandair og bendum á að gildistími þeirra er 1 ár frá kaupdegi. Þegar þú vilt nota miðana ferðu inn á heimasíðu Icelandair, www.icelandair.is, og slærð inn veflykilinn á viðeigandi stað í bókunarkerfinu.

Að lokum viljum við, í þakklætisskyni fyrir frábærar viðtökur, bjóða þér ástandsskoðun fyrir bílinn, eftir 1000 km akstur, þér að kostnaðarlausu. Í skoðuninni er farið sérstaklega yfir öll öryggisatriði bílsins og almennt ástand hans kannað. Þannig fullvissum við okkur um að bíllinn standist kröfur okkar og uppfylli væntingar þínar.

Þegar þú hefur ekið hátt í 1000 km og vilt nýta þér þetta tilboð skaltu bóka tíma hjá söludeild Betri notaðra bíla í síma **570-5200**. Við vonum að bíllinn reynist þér vel og hvetjum þig til að hafa samband ef einhverjar spurningar vakna.

Kærar kveðjur
*Starfsfólk Toyota-Betri notaðra bíla*

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

ÚRVALSBÍLL | GÆÐABÍLL

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Gagnrýni á Seðlabanka Íslands er oft ómakleg.

## Sátt um evruna

BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR

Útvegsmenn segjast hafa tapað milljörðum á háu gengi krónunnar. Kaupþingsfólk ætlar að færa bókhald sitt og skrá hlutabréf í evrum. Starfsfólk Marel mun eiga kost á því fljótlega að fá hluta af launum greidd í evrum. Allar þessar fréttir vekja upp spurningar um stöðu íslensku krónunnar.

Gagnrýni á vaxtastefnu Seðlabanka Íslands hefur oft og tíðum verið ómakleg undanfarin misseri. Samkvæmt lögum frá árinu 2001 ber bankanum að stuðla að því meginmarkmiði að halda verðlagi stöðugu. Það þýðir að bankinn verður að bregðast við þegar verðbólga mælist meiri eða minni en 2,5 prósent yfir tólf mánuði. Til þess hefur hann fullt svigrúm til að beita stýrivöxtum samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans.

Stefna Seðlabankans er auðvitað ekki hafin yfir alla gagnrýni. En þeir sem hæst láta verða líka að athuga hvað hefði gerst ef Seðlabankinn hefði ekki brugðist við og beitt stjórntækjum sínum af fullum þunga.

Ljóst er að ójafnvægi í hagkerfinu hefði orðið mun meira. Þenslan hefði orðið kröftugri og verðbólgan meiri. Fyrir vikið hefði bakslagið eftir þensluna orðið víðtækara en við sjáum fram á nú. Íslendingar væru ekki að horfa á neina mjúka lendingu hagkerfisins. Hægt væri að segja að brotlending blasti við ef Seðlabankinn hefði ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu.

Að þessu verða útvegsmenn og forystumenn Samtaka atvinnulífsins að huga þegar þeir setja fram gagnrýni sína. Þetta snýst ekki um þrönga hagsmuni þeirra heldur hagsmuni alls almennings í landinu. Gagnrýni þessara aðila á miklu frekar að beinast að umfangsmiklum opinberum framkvæmdum undanfarin ár, auknum ríkisútgjöldum og ríkisreknum Íbúðalánasjóði. Ákvarðanir opinberra aðila hafa átt stóran þátt í því að auka eftirspurn í hagkerfinu og ýtt undir þensluna. Eðlilega hefur Seðlabankinn þurft að bregðast við því.

Forystumenn útvegsmanna og Samtaka atvinnulífsins velta fyrir sér í þessu árferði hvaða áhrif upptaka evrunnar myndi hafa. Réttilega vita þeir að sú umræða er aðskilin frá þeim vanda sem nú er glímt við í efnahagslífinu. Ástandið hefði hins vegar verið mun verra ef ekki hefði verið rekin hér sjálfstæð peningamálastefna.

Það breytir því ekki að evran mun skipta fólk og fyrirtæki meira máli í framtíðinni. Sú þróun er eðlileg og verður að vera í sátt við stjórnendur Seðlabanka Íslands og önnur stjórnvöld.

Auk Kaupþings ætlar Straumur-Burðarás að skrá hlutabréf sín í evrum. Seðlabankinn vinnur nú að því að gera þetta mögulegt ásamt Verðbréfaskráningu Íslands. Mikilvægt er að krónan hamli ekki vexti íslenskra fyrirtækja sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum.

Að sama skapi er það jákvætt skref ef starfsmenn íslenskra fyrirtækja geta fengið hluta af launum greidd í evrum eins og unnið er að innan Marels og fleiri fyrirtækja. Það getur komið sér vel til að greiða niður erlendar skuldir heimilanna sem hafa stóraukist undanfarin ár.

Þessari þróun verður ekki snúið við. Við eigum að nýta kosti þess að reka hér sjálfstæða peningamálastefnu með þeim takmörkunum sem því fylgir. Um leið eigum við að auðvelda fólki og fyrirtækjum að nota þá gjaldmiðla sem henta. Krónan og evran ættu að geta lifað ágætis lífi hlið við hlið á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871



FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

póst húsið

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Einsdæmi?

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefur skipað fjórar nýjar nefndir til að fjalla um eitt og annað sem snýr að heilbrigðismálum. Með formennsku í einni nefndinni fer Ingibjörg Pálmadóttir en hún var heilbrigðisráðherra frá 1995 til 2001. Ingibjörg sat á þingi í áratug fyrir Framsóknarflokkinn og eru þess fá dæmi – ef nokkurt – að ráðherra feli fyrrum ráðherra úr öðrum stjórnmálaflokki en sínum eigin að gegna fyrir sig mikilvægum trúnaðarstörfum.



### Nóg til

Annars skortir ekki nefndirnar sem starfa á vegum heilbrigðisráðuneytisins en samkvæmt upplýsingum á vef þess eru þær 85 og heita ýmist nefndir, ráð eða starfshópar. 33 eru skipaðar samkvæmt fyrirmælum í lögum eða reglugerðum og 52 til „sérstakra verkefna," eins og það er orðað. Verkefnin eru misjöfn en sem dæmi má nefna að til er sérstakur starfshópur sem „staðfesta á mörkin milli þess hvað Tryggingastofnun ríkisins og stofnanir þess eiga að greiða af hjálpartækjum hverju sinni."

### Búbót

Í 24 stundum er fjallað um það furðulega fyrirkomulag að í hvert sinn sem forseti Íslands bregður sér út fyrir landsteinana hækka laun handhafa forsetavalds en með það vald fara saman forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar. Í raun er það svo að handhafarnir þurfa lítið nýtt að aðhafast þótt forseti sé í útlöndum en engu að síður raðast peningar inn á bankareikningana þeirra. Samkvæmt 24 stundum fengu þeir samtals sex milljónir á síðustu tveimur árum vegna ferðalaga forseta.



bjorn@frettabladid.is

## Heimild um okkur



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG | Meiðingar

Um daginn las ég minningar Eufemiu Waage „Lifað og leikið" sem Hersteinn Pálsson skráði. Eufemia var hluti af einni helstu leiklistarfjölskyldu Íslendinga og bókin er ómetanleg heimild um fyrstu ár leiklistar í landinu, bæjarbrag í gömlu Reykjavík og líf fólks af betra standi.

**„... og framferðið eftir því"**

Hún er líka heimild um hugsunarhátt. Á blaðsíðu 25 stendur um kaupmann í Þingholtsstræti „... maður þessi hét John Armitage og var reglulegur gamaldags Gyðingur. Var hann með hárið vafið í krullu, síðskeggjaður, með Gyðingakollu á höfði og í Gyðingakufli. Hefi ég aldrei, fyrr né síðar, séð Gyðing með krullu. Ég skal ábyrgjast, að hann hefur komið beint úr Ghetto (Gyðingahverfi stórborganna) og var allt framferðið eftir því. Þau áttu ein fjögur börn og voru þau verst uppalda hyski, sem ég hefi nokkru sinni komizt í kynni við. Fór þar saman ljótt orðbragð og dónaskapur í allri annarri framkomu. Sóðaskapurinn keyrði alveg úr hófi hjá fólki þessu. Eitthvað heyrði ég því fleygt, að því hefði verið vísað úr landi héðan, en engar sönnur veit ég á því."

Nú á dögum myndu flestir kinoka sér við því að tengja eitthvert „framferði" fólks svo beint við uppruna þess. Við sjáum á þessari klausu að hvað sem líður fágun Eufemiu og góðu uppeldi þá er hún sýnilega haldin Gyðingahatri því hún þekkir ekki heiminn – hún hefur aldrei séð „Gyðing með krullu". Hún er heimaalið barn. Einar heitinn Heimisson sagnfræðingur neyddi um síðir Íslendinga til að horfast í augu við smánarlega framkomu yfirvalda og margra iðnaðarmanna við nokkra Gyðinga sem hingað flúðu undan ofsóknum nasista. Hann leiddi skilmerkilega í ljós að þessi hugsunarháttur átti sér djúpar rætur í þjóðlífinu.

Nú á dögum beinist þetta hugarfar einkum að múslimum sem eru þá allir dæmdir eftir nokkrum glæpamönnum sem réttlæta óhæfuverk sín með versum úr Kóraninum. Ekki myndi þó hvarfla að nokkrum manni að áfellast þann góða mann og katólikka Gunnar Eyjólfsson fyrir hryðjuverk katólikka í IRA í Englandi sem eins og Doris Lessing benti réttilega á um daginn voru mun skelfilegri en árásirnar 11. september.

Og nú þykir allt í einu gömul og mölkúluleg barnabók þar sem gys er gert að „negrum" einhver konungsgersemi. Samt er Tíu litlir negrastrákar ekki annað en birtingarmynd á sama hugarástandi og sjá mátti hjá Eufemiu Waage: bókin vitnar sterklega um það mat höfunda að hörundsdökkir drengir séu vitleysingar. Í sjálfu sér er það ekki orðið „negri" sem er óþægilegt við bókina – við sem komin erum á miðjan aldur ólumst upp við þetta latneska orð sem þýðir svartur eða dökkur og sjálfur Martin Luther King notaði „negro" í sínum stórræðum.

Nei – eitthvað annað. Ég vona að ég sé ekki að hreykja mér en þegar ég var lítill fannst mér þetta alls ekki skemmtileg bók – ég kenndi í brjósti um negrastrákana og skildi ekki hvað var svona skemmtilegt við hörmuleg afdrif þeirra. Og ég skil það ekki enn: í bókinni eru ekki bara bjánalegar staðalmyndir heldur líka einhver gegnumgangandi meinfýsni í garð drengja sem brúnir eru á hörund.

**Fólk sem brúnt er á hörund**

Áhangendur bókarinnar hafa upphafið kunnuglegan söng um „pólitískan rétttrúnað" – „pólitíska rétthugsun" – eða gott ef ekki „pólitíska réttsýni" eins og mig minnir að eitthvert gáfnaljósið hafi nefnt það um árið: hvers kyns gagnrýni á óboðlegar hugmyndir og framkomu við annað fólk er afgreidd með þessari rangþýðingu á ameríska hugtakinu „political correctness" sem þýðir einfaldlega „pólitísk stífni" eða eintrjáningsháttur. Ég hef aldrei skilið þá visku að telja „rétt" vera rangt; og hvers vegna fólki finnst svo brýnt að meiða aðra með orðum. Svona talar fólk sem veit innst inni að það heldur fram röngum málstað.

Svo er alltaf spurt hvers vegna „ekki megi styggja minnihlutahópa". Þá gleymist að allt okkar orðbragð er heimild um okkur sjálf en ekki skotspóninn. Og fólk sem brúnt er á hörund er ekki „hópur".

Fólk sem brúnt er á hörund er skemmtilegt, gáfað, klaufskt, indælt, ríkt, öfundsjúkt, kulvíst, heitfengt, heimskt, hófsamt, bæklað, andríkt, feimið, meinfýsið, fallegt, hógvært, innskeift, handlagið, fátækt, kjarkað, ósynt, fluglæst, lagvisst, duglegt, glaðvært, latt, glatt, fyndið, hagmælt, hávært, ljúft, hljóðlátt, trúað, glatað, kverkmælt, sanngjarnt, göldrótt, önugt, kærleiksfullt, kynlaust, lítið, stórt, ljóst, dökkt, útlenskt, íslenskt, hér og þar, þau og – við.

## Vanhæfir stjórnendur

UMRÆÐAN

Opinberir starfsmenn



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Stjórnendur hjá ríkisstofnunum tóku nýlega þátt í könnun á eigin vegum, að því er mér skilst, þar sem þeir komust að þeirri niðurstöðu að þeim bæri meiri völd til að ráðskast með réttindi og kjör starfsmanna. Þar með ættu þeir að geta rekið fólk skýringalaust ef svo bæri undir. Þar er átt við að losna þurfi við svokallað lögbundið áminningarferli við uppsagnir. Það felur það í sér að ef reka á starfsmann þurfi að veita honum viðvörun og gefa honum kost á því að leiðrétta hugsanlegan misskilning eða bæta sig í starfi ef viðkomandi hefur ekki staðið sig í stykkinu. Þetta ferli er til þess að koma í veg fyrir geðþóttastjórnun og jafnframt tryggja sjálfsögð mannréttindi á vinnustað. Sú ranghugmynd hefur lengi verið á sveimi um opinbera starfsmenn, að við þeim sé ekki hægt að hrófla hvað sem á gengur.

Fyrir það fyrsta taka vinnustaðir iðulega breytingum í samræmi við breyttar aðstæður. Þá er hægt að ráðast í skipulagsbreytinar og hreinlega leggja niður störf. Viðkomandi starfsmaður átti við slíkar aðstæður rétt á svokölluðum biðlaunum í bætur, í sex mánuði eða tólf eftir starfsaldri viðkomandi. Biðlaunarétturinn gildir þó aðeins fyrir þá sem voru í starfi fyrir 1997 því þá var þessi réttur afnuminn illu heilli. Í annan stað er hægt að segja fólki upp störfum en þá með skýringum sem eiga að þola dagsljósið. Í rauninni snýst þetta fyrst og fremst um að fólk tali saman og að á stjórnanda hvíli skyldur, ekki síður en starfsmanni. Í þriðja lagi er þess að geta, að hafi starfsmaður brotið alvarlega af sér er brottrekstur heimill.

Ef um er að ræða samskiptavanda á vinnustað getum við ekki gefið okkur að sökin sé starfsmannsins, stjórnandinn gæti verið vandamálið. Ég þekki fjölda vandaðra stjórnenda hjá hinu opinbera, sem líður ágætlega við það lagalega og samningsbundna umhverfi sem þeim er búið. Skyldu það vera vanhæfustu stjórnendurnir sem mest ásælast aukin völd?

*Höfundur er formaður BSRB.*



**Húsráð** reynast oft vel og meðal þess sem virkar ágætlega er að ná burt rauðvínsblettum með því að láta salt liggja á þeim, fægja silfurskartgripi með tannkremi og losa um stíflur í sturtuhausum með því að láta þá liggja í kóki.

**Jólahreingerningin** vex mörgum í augum en til þess að hún verði minna mál er ágætt að byrja bara nógu tímanlega. Ef það er gert er hins vegar mikilvægt að brýna fyrir heimilisfólki að ganga vel um svo að ekki þurfi að vinna öll verk aftur og aftur.

**Íslenski skrappdagurinn** verður haldinn í Breiðholtsskóla 10. nóvember næstkomandi frá klukkan 12 til 19. Aðstaða verður á staðnum til þess að skrappa og föndra og boðið verður upp á sýnikennslu í ýmiss konar föndri.







Þóri þykir róandi að leika á gítarinn eftir langan vinnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hreinsar og róar hugann

***Að leika á hljóðfæri getur veitt ýmiss konar ánægju og verið streitulosandi í senn. Þórir Andri Karlsson heldur mikið upp á gítarinn sinn sem hann telur einn af eigulegustu hlutunum á heimili sínu.***

„Það er svo gott að glamra aðeins á hann og raula með eftir strembinn vinnudag. Það hreinsar og róar hugann. Svo er alltaf gaman að grípa í hann í partíum.“ segir Þórir sem notar gítarinn nokkuð mikið í vinnunni en hann er kennari í Austurbæjarskóla.

„Það er gott að grípa í gítarinn í tungumálakennslu. Krakkarnir hafa gaman af að syngja lög á ensku og eru þá í leiðinni að þjálfa framburð. Svo hjálpar mikið að spila og syngja ljóð sem þau eiga að læra í íslensku,“ útskýrir Þórir.

Aðspurður um aðra hluti sem eru í uppáhaldi segist Þórir sjaldan mynda einhver tilfinningatengsl við hluti. „Ég met hluti mest eftir því hvort þeir geri það sem þeir eigi að gera. Ég ber mikla hlýju til hluta sem eru haganlega gerðir og endast en það er nokkuð sem er sjaldgæft að finna þessa dagana. Hlutir nú til dags eru oftar en ekki drasl sem endist illa,“ segir hann kíminn.

Þórir á þó nokkra hluti sem hann hefur keypt á ferðalögum sem honum þykir vænt um og hafa fylgt honum nokkuð lengi. „Þar má nefna rússneska herhúfu sem ég keypti þegar ég var á ferðalagi um Rússland. Hún hentar einkar vel við íslenskar aðstæður,“ segir hann og brosir út í annað.

*hrefna@frettabladid.is*




STIGAR
Allar mögulegar gerðir eftir óskum hvers og eins - Sjá heimasíðu okkar
Mælum, teiknum og setjum upp
Hagstæð verð og fljót afgreiðsla
Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com
Koma fallegustu stigarnir frá Mex ?


GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir


ALLT TIL INNPÖKKUNAR
Eingöngu sala til fyrirtækja
Opið 08.00-16.00
GRÆNN MARKAÐUR
www.flora.is info@flora.is
Réttarhálsi 2 110 Rvk
Sími: 535-8500

Auglýsingasími 512 50 50

Húsgagna-Lagersala

Leðursófasett
hornsófasett
sófasett með innbyggðum skemli
borðstofuborð og stólar
sófaborð

*Verðdæmi:*
**Leðursófasett** áður kr. 239,000
nú **89,500**
**Borðstofustóll** áður 17,000
nú **5,000**

sófaborð
eldhúsborð
Rúmgaflar
rúm í ýmsum stærðum og gerðum

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

**Ilmkerti** skapa huggulega stemningu bæði með þægilegri birtu og góðum ilmi.



# Í hjarta stofunnar

***Mikilvægt er að vanda valið á stofuborði.***

Sófaborðið er miðpunktur stofunnar og þarf að taka mið af umhverfinu og öðrum húsgögnum þegar velja á rétta borðið.

Hönnun sófaborða verður sífellt fjölbreyttari og er hægt að fá þau með alls kyns hirslum og hólfum. Praktískar lausnir fyrir tímarit og fjarstýringar eru til í ótal útfærslum og auðvelt að falla fyrir fallegri hönnun en jafnframt þægindum og miklu notagildi. Á sófaborðið safnast svo kaffikrúsir, nammiskálar, kerti og dagblöð og gott er að hvíla á því lúin bein. Við það skapast oft bestu minningar fjölskyldunnar og því er gott að vanda valið.

*vera@frettabladid.is*



**BO CONCEPT** Kaffiborð sem hægt er að opna á ýmsa vegu. Kostar 67.317 krónur.



**EGO DECOR** Hvítlakkað sófaborð úr natural-eik. 45.000 krónur.



**MUBLA** Þýskt Pefa-sófaborð. 134.800 krónur.



**EGO DECOR** Sófaborð með skúffu úr natural-eik með svörtu gleri. Einnig fáanlegt með sandblásnu gleri. 58.000 krónur.



**BO CONCEPT.** 61.417 krónur.



**MUBLA** Þýskt Pefa-sófaborð. 129.800 krónur. Varese Eiche




Já, við erum hreykin enn og aftur!

EISA AWARD Best Product 2007-2008
FULL-HD LCD-TV
Philips 47PFL9732D

PHILIPS VINNUR EISA VERÐLAUNIN 2007-2008 FYRIR HÁSKERPU LCD

Hin virta dómnefnd óháðra blaðamanna frá **European Imaging & Sound Association (EISA)** hefur veitt **Philips** viðurkenningu fyrir tækniþróun og nýsköpun á sviði afþreyingartækni fyrir heimili með þessum eftirsóttu tækniverðlaunum.

**European Full-HD LCD-TV 2007-2008**
„...skilar hreint ótrúlegum gæðum í fullri **High Definition** upplausn. Jafnvel fíngerðustu smátriði eru skýr og greinileg í 1920x1080p upplausn. Öll hreyfing er skýrari og eðlilegri með hjálp hinnar framúrskarandi **Perfect Pixel HD Engine** myndtækni frá **Philips**", eins og segir í skýrslu **EISA** nefndarinnar um **47PFL9752D**.



ambi light

**Philips 47PFL9732D**
- 47" LCD Perfect Pixel HD BREIÐTJALD
- Full HD 1080p 16:9 LCD
- 1920x1080 punkta upplausn
- Perfect Pixel HD myndtækni sem eykur línufjölda og skerpu
- Ambilight Surround - Bakljós
- HD Natural Motion
- Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa: 8.000:1
- Svartími: 3ms
- Sjónsvið: (H/V): 176/176°
- Birtustig: 550 cd/m2
- 100Hz Clear LCD - eykur skerpu
- Ljósskynjari og Active Control sem minnkar glampa
- Innbyggður digital DVB-T móttakari
- 32w Nicam Stereó hljóðkerfi - wOOx bassi
- 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Kortalesari og USB tengi
- Textavarp með 1.200 síðna minni
- Svefnrofi og fjarstýring

PHILIPS
sense and simplicity

VIÐ SUÐURLANDSBRAUT 26

Heimilistæki ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - SÍMI 569 1500

GLERÁRGÖTU AKUREYRI - GARÐARSBRAUT HÚSAVÍK - EYRARVEGI SELFOSSI






Dalvegi 18 - 201 Kóp. Sími 568 6500 www.fondra.is Opið virka daga 10-18, Laugardaga 11-16


# Valsað ál fyrir þök og veggi
Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 12 litum
ALCAN Novelis
Ál er okkar mál
ÁLTAK
Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is


# fasteignir

29. OKTÓBER 2007


Þjónusta ofar öllu
RE/MAX Fasteignir

*Fólk getur gleymt hvað þú segir,
fólk getur gleymt hvað þú gerir...
En fólk gleymir því aldrei hvernig þú
lætur þeim líða...*

*Við látum þér líða vel... !*

BÓAS OG TEYMI

**Seldu þar sem þér líður vel...**


Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is


Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800
go@remax.is


Áslaug María
Sölufulltrúi
8200 301
aslaug@remax.is


Stella Ósk
Sölufulltrúi
693 4669
stellaosk@remax.is


Benedikt
Sölufulltrúi
661 7788
benolafs@remax.is


Edda Hrafnhildur
Sölufulltrúi
896 6694
edda@remax.is


Hilmar
Sölufulltrúi
892 2982
hilmarosk@remax.is


Eir
Sölufulltrúi
660 6085
eir@remax.is


Stefán Páll Jónsson
Löggiltur fasteignasali

HRINGDU NÚNA
699 6165


# Nýbyggðar íbúðir í hjarta borgarinnar

**Hjá Remax Þing eru til sölu nýjar og glæsilegar þriggja herbergja íbúðir við Laugaveg.**

Íbúðirnar sem um ræðir eru frá 86,6 til 100,8 fermetrar að stærð og eru á annarri, þriðju og fjórðu hæð í sex íbúða húsi. Þeim er skilað fullbúnum með gólfefnum og innréttingum og ekkert hefur verið til sparað við efni og hönnun. Eldhúsinnréttingar eru sprautulakkaðar í ljósum lit, háglans með inngreyptum höldum og á öllum skúffubrautum og hurðum eru demparar. Borðplötur eru úr granít í dökkum lit. Tæki eru frá Eirvík og þess má geta að Mile-uppþvottavélar eru innbyggðar í innréttingarnar.

Snyrtingar eru flísalagðar í hólf og gólf og hornbaðkar með nuddi fylgir íbúðum á 2. og 3. hæð en sturta með sturtuklefa íbúðum á 4. hæð.

Mikil lofthæð er í íbúðunum og allar hurðir sérsmíðaðar í yfirstærð. Þær eru úr ljósri eik og skápar líka. Hurðir út úr íbúðunum eru sérhannaðar með það í huga að veita mikla hljóðvörn. Gólf eru með eikarparketi sem lagt er á langveginn. Lyfta er í húsinu, frá kjallara og upp á 4. hæð.

Allar íbúðirnar eru með svölum á bakhlið sem snúa í norður en franskar svalir eru á suðurhliðum íbúðanna á annarri og þriðju hæð. Á þakhæðinni eru 20 fermetra svalir með heitum potti.

Húsið er úr járnbentri steinsteypu. Það er byggt af fyrirtækinu Íbyggð og frekari upplýsingar eru á heimasíðu þess, www.ibyggd.com.

*gun@frettabladid.is*


Stofurnar eru bjartar og rúmgóðar.


Öll tæki í nýju íbúðunum eru vönduð.


Þannig er mál með vexti ...



... að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,2%
Miðað við myntkörfu 4, Libor-vextir 24.7.2007.

Reiknaðu út hvernig greiðslubyrði þín lækkar á www.frjalsi.is eða hafðu samband í síma 540 5000.

SAMANBURÐUR Á LÁNUM

| | MYNTKÖRFULÁN *** | BLANDAÐ LÁN ** | ÍBÚÐARLÁN |
|---|---|---|---|
| LÁNSUPPHÆÐ | 20.000.000 | 20.000.000 | 20.000.000 |
| VEXTIR | 3,9% * | 4,9% * | 5,95% |
| GREIÐSLUBYRÐI**** | 64.700 | 106.600 | 109.500 |

* M.v. 1. mánaða Libor vexti 24.07.2007. ** 50% íbúðarlán/50% erlent lán í CHF og JPY.
*** Vextir á erlendri myntkörfu ráðast af veðsetningu og myntsamsetningu og eru á bilinu 3,2% til 4,3% m.v. myntkörfu 4.
**** Mánaðarlegar afborganir fyrsta árið, lánstími 40 ár, einungis greiddir vextir af myntkörfuláninu fyrstu þrjú árin, án verðbóta eða gengisbreytinga.

FRJÁLSI

**Draumahús** 530 1800

Föst lág söluþóknun

## ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM ?

Draumahús bjóða seljendum fasteigna fasta lága söluþóknun.
Skoðaðu kjörin okkar, hringmyndir og stórar ljósmyndir á:
**www.draumahus.is** eða hringdu í
síma 530 1800 og fáðu frekari upplýsingar.

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is


## ÁLFABAKKI 14A

109 Reykjavík
VERSLUNAR OG LAGERHÚSNÆÐI.

**Stærð: 400 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1988**
**Brunabótamat: 63.400**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Torg







**EIGN Á GÓÐUM STAÐ Í MJÓDDINNI.** **Verð: 95.000.000**

Um er að ræða Verslunar og Lagerhúsnæði á besta stað í Mjóddinni. Verslunarhæð 183,7 Fm. Lager 190 Fm. Sameign 26,3 Fm. Samtals 400 Fm. Á 1. hæð er verslunarrými sem nær í gegnum húsið og er með inngang bæði frá Álfabakka og Göngugötu. Einnig er smá starfsmanna aðstaða, salerni og geymsurými. Kjallari er með góðum vörurekkum, stór hurð fyrir vörumóttöku, aðkeyrsla í kjallara frá Þönglabakka. Í dag er kvennfataverslun á 1. hæð. Upplýsingar veitir Þorkell í Síma 898-4596 eða 520-955



Þorkell
Sölufulltrúi
**898 4596**
thorkell@remax.is



Bergsteinn
Gunnarsson
Lögg. fasteignasali

**RE/MAX Torg - Garðatorgi 5 - 210 Garðabær - Sími: 5209595 - www.remax.is**




Hert gler
...í milliveggi

Íspan
GLER OG SPEGLAR

Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is


## Hlein - Álftanesi

Álftanes
Fallegt einbýli á frábærum stað

**Stærð: 262 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 1978**
**Brunabótamat: 35.170.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Þing



Opið Hús





**Opið hús mánudag frá kl 18:00 - 18:30** **Verð: 59.900.000**

Mikið var um að vera á Grund í tilefni afmælisins um helgina. Á laugardaginn bauð heimilisfólkið aðstandendum sínum í afmæliskaffi þar sem heimilisfólk tók lagið, sýndar voru gamlar og nýjar ljósmyndir frá starfi Grundar, teikningar af fyrirhuguðum breytingum voru til sýnis, handverk heimilisfólksins var til sölu og víða um húsið mátti sjá sýnishorn af daglegu starfi eins og leikfimi, söng og dansi. Á sunnudaginn var hátíðarmessa á Grund klukkan þar sem biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, predikaði. Í dag er síðan boðið til móttöku í hátíðarsal Grundar frá kl.14-16.



**STÆKKANDI BYGGÐ** Byggðin við Laugarvatn hefur stækkað ört undanfarin ár og er þetta í fyrsta sinn sem heilt hverfi er auglýst í heilu lagi á staðnum.

## Nýtt hverfi rís á Laugarvatni

Á næstu vikum verða auglýstar þrjátíu og fimm lóðir í nýju hverfi vestast í byggðinni við Laugarvatn og er það í fyrsta sinn sem heilt hverfi er auglýst í heilu lagi á staðnum.

Gert er ráð fyrir lágreistri byggð í einbýli, par- og raðhúsum.

Hverfið hefur ekki enn hlotið nafn en ákveðið hefur verið að götunöfnin muni tengjast hestanöfnum og enda á -tún.

Tengingin er þannig að fjöldi landsfrægra gæðinga hafa gengið um túnin hvar sem hverfið rís.

Nefnd hafa verið nöfn á borð við Traustatún, Guststún, Blakkstún, Herutún, Fáfnistún og Sifjartún og Sjafnartún. **www.sudurglugginn.is**



**JÓN M. BALDVINSSON LISTMÁLARI**„Móðir mín sagði að litirnir hefði verið það eina sem ég festi hugann við og alltaf hefði ég verið að reyna að fanga sólarlagið,“ segir Jón sem nú málar meðal annars fljúgandi diska.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

JÓN M. BALDVINSSON: ÁTTRÆÐUR OG SÝNIR Í LISTHÚSI ÓFEIGS

# Ég lifi í eilífðinni og lít björtum augum fram á veginn

„Það eru ekki allir sem fá að lifa svona lengi svo ég get bara verið þakklátur,“ segir Jón M. Baldvinsson listmálari léttur í bragði.

Hann fagnar áttræðisafmæli í dag og opnaði málverkasýningu í Listhúsi Ófeigs fyrir helgi.

Jón kveðst hafa byrjað að mála fyrir alvöru árið 1957. „Ég fór ekki í myndlistarskóla fyrr en um fertugt, fyrst hér og svo í Danmörku.

Seinna fór ég í San Francisco Art Institute og tók mastersgráðu þar,“ útskýrir hann. „Ég byrjaði í landslagsmyndum og fantasíum. Núna er ég með litaorgíur og fljúgandi diska. Ég er áhugamaður um fljúgandi furðuhluti og þeir hafa orðið mér yrkisefni,“ segir Jón sem á margar sýningar að baki, bæði hér á landi og í Danmörku.

Besta sölutímabilið var frá 1975 til 1989. „Núna selst bara ein og ein mynd. Það eru svo margir um hituna,“ segir hann.

Jón er fæddur í Reykjavík, á Baldursgötu 10 og var hjá móður sinni fram undir átta ára aldur en var þá sendur í sveit upp í Hreppa.

„Ég var hjá góðu fólki að Hlíð í Gnúpverjahreppi. Þetta var hreppstjórasetur og þar bjó fólk sem var vel að sér. Ég gekk í Ásaskóla og finnst þegar ég horfi til baka að ég njóti góðs af því að hafa kynnst íslenskri bændamenningu þó ég væri ekkert hrifinn af henni þá.“

Á sextánda ári kveðst Jón hafa farið að vinna í Krýsuvíkurveginum en eftir skólavist á Laugarvatni hafi hann endurnýjað kynnin við móður sína sem þá var flutt til Kaupmannahafnar. „Mamma vildi að ég færi í gullsmíðanám en ég valdi að læra söng hjá gömlum óperusöngvara. Hafði svo ekki peninga til að halda áfram og kom heim á síld en það var ekki nokkur leið að fá gjaldeyri því hömlurnar voru svo miklar og yfirvöld héldu í gjaldeyrinn eins og glóandi gull,“ segir Jón sem um tíma var trúbador og söng og spilaði á gítar við ýmis tækifæri.

En áhugi á litum vaknaði snemma. „Móðir mín sagði að litirnir hefðu verið það eina sem ég hefði fest hugann við þegar ég var lítill og alltaf hefði ég verið að reyna að fanga sólarlagið.

Í Hreppunum byrjaði ég að mála landslag með vatnslitum,“ segir Jón og lýsir draumi sem hann dreymdi ungan. „Ég sá fullt af landslagsmyndum koma á færibandi og hef aldrei séð slíkar myndir, hvorki fyrr né síðar.“

Jón hefur lagt hönd að ýmsu um ævina auk listsköpunarinnar. „Mér telst til að ég sé búinn að vera í 17 störfum. Í Danmörku vann ég við garðyrkju og í vélsmiðju og hér heima í vegavinnu, á síld, var með fasteignasölu í nokkur ár, innanbúðar um tíma, á skrifstofu, sem sölumaður hjá Olíufélaginu, svo fór ég að keyra leigubíl og síðast var ég konunni minni til aðstoðar við rekstur gistiheimilis við Skólavörðustíg,“ telur hann upp.

Nú háir honum ekkert nema smá gigt í bakinu en hann kveðst reyna allt til að laga það.

„Ég hef alltaf verið hraustur og það er langlífi í ættinni,“ segir hann. „Ég er líka endurholdgunarsinni og aðhyllist dulspeki. Lifi í eilífðinni og reyni að láta tímann ekki hafa stressandi áhrif heldur lít björtum augum fram á veginn.“

**gun@frettabladid.is**

### AFMÆLI



**RICHARD DREYFUSS** kvikmyndaleikari er 60 ára.



**EINAR MÁR SIGURÐARSON** alþingismaður er 56 ára.



**EINAR ÖRN BENEDIKTSSON** tónlistarmaður er 45 ára.



**INGIBJÖRG ÞÓRISDÓTTIR** leikkona er 38 ára.

BT

# Die Hard 4.0
## YIPPEE-KI-YAY EDITION










# Bara í BT

**Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær**

**RAFVIRKJAR!**

Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðarstarfa

Gunnar s: 587 8890 eða tölvupóstur á: gunnar@rafstjorn.is

RAFSTJÓRN ehf. Virkni loftræstikerfa er okkar fag!

www.rafstjorn.is

STYRKTARFÉLAG VANGEFINNA 23.3. 1958

# Spennandi störf í boði

**Finnst þér gaman að vinna fjölbreytta vinnu með skemmtilegu fólki?**

## Lækjarás

óskar eftir **þroskaþjálfum og stuðningsfulltrúum** til starfa. Lækjarás er dagþjónusta fyrir fólk með þroskahömlun. Vilt þú bætast í öflugan starfsmannahóp? Vinnutíminn er frá 8.30-16.30 virka daga. Nánari upplýsingar gefur Guðbjörg Haraldsdóttir forstöðuþroskaþjálfi í síma 414-0560.

## Lyngás

óskar eftir **þroskaþjálfum og stuðningsfulltrúum** til starfa. Lyngás er sérhæft dagheimili fyrir börn og unglinga á aldrinum 1-18 ára. Þar fer fram sérhæfð þjálfun í gegnum leik og starf. Nánari upplýsingar veita Birna Björnsdóttir forstöðuþroskaþjálfi í símum 553-8228/553-3890.

## Störf í búsetu

Heimilið Víðihlíð óskar eftir **þroskaþjálfum og stuðningsfulltrúum.** Um er að ræða hlutastörf í vaktavinnu. Stöðurnar er lausar frá 1.nóvember. Upplýsingar veitir Guðrún Guðmundsdóttir forstöðuþroskaþjálfi í símum 568-0242/822-7242.

## Yfirþroskaþjálfi

óskast til starfa í sambýlið í Auðarstræti. Um er að ræða 60-80% starf í vaktavinnu. Staðan er laus frá 1. desember eða eftir nánara samkomulagi. Hlutverk yfirþroskaþjálfa er fyrst og fremst fólgið í því að sjá um innra faglegt starf. Leiðbeina og styðja íbúa í daglegu lífi, leiðbeina starfsmönnum og starfa að skipulagi með forstöðumanni. Nánari upplýsingar veitir Agnes Jensdóttir forstöðuþroskaþjálfi í símum 551-2552/896-4076.

## Yfirþroskaþjálfi

óskast til starfa á Háteigsveg, íbúðarkjarna. Um er að ræða 70-85% starf í vaktavinnu. Staðan er laus frá 1. nóvember eða eftir nánara samkomulagi. Hlutverk yfirþroskaþjálfa er fyrst og fremst fólgið í því að sjá um innra faglegt starf. Leiðbeina og styðja íbúa í daglegu lífi, leiðbeina starfsmönnum og starfa að skipulagi með forstöðumanni. Nánari upplýsingar veitir Heba Bogadóttir forstöðuþroskaþjálfi í símum 551-0014/897-9259.

Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið

# STUÐ MILLI STRÍÐA Bra! nú þarf ég að stinga af til Fjarskanistans

**VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR** ER ÖND Í MATRÓSAFÖTUM



Þessa vikuna held ég áfram að mæra þær teiknimyndahetjur sem eiga sér stað í hjarta mínu. Í dag beini ég sviðsljósinu að sjálfum Andrési Önd.

Ég kynntist Andrési fyrst á sænsku. Þá hét hann að sjálfsögðu ekki Andrés heldur Kalle Anka, en persónutöfrar hans höfðu strax mikil áhrif á mig. Þegar íslensku Andrésblöðin fóru að koma út gleypti ég þau í mig vikulega. Síðar, með tilkomu Disneystundarinnar í Sjónvarpinu, lærði ég að þessi önd átti sér víddir sem blöðin gátu ekki miðlað: tíð bræðisköstin, glæsilegur limaburðurinn og ógleymanleg, seiðandi röddin dýpkuðu væntumþykju mína í garð Andrésar til muna.

Miðað við aðra íbúa Andabæjar er Andrés stórkostlega margslunginn. Maður veit ekki hvort maður á að halda með honum eða glotta yfir misheppnuðum áformum hans; lesandinn fylgist með ævintýrum hans uppfullur af sæluhrolli því oftast fer illa fyrir Andrési að lokum. Stundum stendur Andrés þó uppi sem sigurvegari. Hann er hvorki fullkomin hetja né fullkominn skúrkur og sögurnar um hann sjaldnast fyrirsjáanlegar.

Andrés er í grunninn góður gaur, en hann á það til að verða svolítið gráðugur og hann lætur skapið stundum hlaupa með sig í gönur. Hann er sumsé eins og við flest; hann gerir mistök og ferðast iðulega allt litróf tilfinninganna fram og til baka innan einnar sögu.

Við getum flest fundið til með Andrési; hann er litli maðurinn sem þarf að berjast fyrir stöðu sinni í heiminum. Gaman þætti mér að hitta þann mann eða þá konu sem ekki getur sett sig í þau fótspor. Þó er hann frábrugðinn okkur líka: hann er náttúrulega önd, svo er þetta sífellda buxnaleysi einkennilegt. Stærsti munurinn á honum og okkur er þó líklega sá að hann á þann öfundsverða kost fyrir hendi, þegar hann hefur klúðrað málunum stórfellt, að stinga af til Fjarskanistans.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**ARNDÍS ÞÓRARINSDÓTTIR** Einn umsjónarmanna Nanowrimo í bókasafni Kópavogs.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skáld eiga sér skjól í Kópavogi

**Í nóvember er hver sá sem vettlingi getur valdið hvattur til að skrifa 50.000 orða uppkast að skáldsögu undir formerkjum átaksins Nanowrimo.**

Nanowrimo má rekja til Bandaríkjanna, en hróður þess hefur ferðast víða og er nú svo komið að fólk um gervalla heimsbyggðina notar nóvember til þess að koma innblásnum orðum á blað. Í ár styður Bókasafn Kópavogs átakið með því að standa fyrir opnu húsi öll þriðjudagskvöld í nóvember fyrir þá Íslendinga sem taka þátt.

„Nanowrimo stendur fyrir „National novel writing month“. Saga fyrirbærisins er á þann veg að fyrir átta árum tóku nokkrir upprennandi rithöfundar í Bandaríkjunum sig saman og ákváðu að reyna að skrifa skáldsögu, eina á mann, á einum mánuði. Þau höfðu öll glímt við ritstíflur og langaði til þess að losna undan því oki með þessari aðferð. Átakið gekk vel og þau náðu öll að klára uppköstin sín og skemmta sér vel í leiðinni. Þetta er náttúrulega frekar geggjað framtak og eins og tímaramminn gefur til kynna er lögð meiri áhersla á magn en gæði. Aðalatriðið er að koma einhverju frá sér, svo má alltaf koma að uppkastinu seinna og lagfæra það,“ segir Arndís Þórarinsdóttir, en hún er deildarstjóri á Bókasafni Kópavogs.

Bókasafnið hefur ekki áður tekið þátt í átakinu á þennan hátt. „Okkur þótti þetta skemmtileg hugmynd og vildum gera eitthvað til þess að hvetja íslenska þátttakendur þess áfram. Við skoðuðum heimasíðu Nanowrimo og þar var áberandi hversu margir töluðu um að það hefði hjálpað þeim mjög í ritferlinu að geta hist vikulega, borið saman bækur sínar og fengið stuðning frá öðrum í sömu stöðu. Þess vegna ákváðum við að bjóða upp á vettvang þar sem fólk getur hist og skrifað saman vikulega,“ segir Arndís.

Átakinu hefur vaxið ásmegin frá ári til árs. „Í fyrsta skipti sem þetta fór fram voru þátttakendur um 20 talsins. Í ár er reiknað með að um 100.000 manns taki þátt um allan heim. Þó að fólk sé náttúrulega oft bara að bulla til þess að fylla upp í orðakvóta hvers dags kemst fólk líka að því að það kannski getur eitthvað sem það vissi ekki fyrir. Úr átakinu hafa orðið til nokkrar skáldsögur sem hafa fengist útgefnar og meira að segja náð nokkrum vinsældum. Það er erfitt að sjá fyrir hvað maður situr uppi með að mánuðinum loknum, en þessi ófyrirsjáanleiki er líklega það skemmtilegasta af öllu,“ segir Arndís að lokum.

Nánari upplýsingar um átakið má nálgast á www.nanowrimo.org

**vigdis@frettabladid.is**

# Byggingarlist barna á Kjarvalsstöðum

Pihla Meskanen, arkitekt og skólastjóri Arkki-skólans í byggingarlist fyrir börn og unglinga í Helsinki, heldur fyrirlestur sem hún nefnir Nám og leikur: Umhverfi og byggingarlist, á Kjarvalsstöðum á morgun kl. 17. Fyrirlesturinn er haldinn í tengslum við sýninguna Byggingarlist í augnhæð sem nú stendur yfir í norðursal safnsins.

Í fyrirlestri sínum fjallar Pihla Meskanen um aðkomu sína að kennslu byggingarlistar fyrir 3-19 ára nemendur. Pihla var einn af stofnendum Arkki-skólans árið 1993 í kjölfar þess að kennsla í byggingarlist var innleidd í námskrá grunnskóla í Finnlandi, en skólinn var sá fyrsti í landinu sem bauð upp á námskeið í byggingarlist fyrir börn og unglinga utan skólatíma.



**KJARVALSSTAÐIR** Prýðisgott dæmi um skemmtilega byggingarlist.

Pihla hefur komið víða við í starfi sínu og er meðal annars höfundur kennslubóka sem vakið hafa mikla athygli. Hún hefur hlotið verðlaun og viðurkenningar fyrir frumkvöðlavinnu sína í kennslu byggingarlistar með áherslu á skynjun og sköpunargleði. Fyrirlesturinn fer fram á ensku og er öllum opinn. **- vþ**







## > DJÚPFRYST PARIS

Paris Hilton er hvergi á förum, og hún hefur séð til þess að dauði hennar setji ekki strik í reikninginn. Paris hefur keypt sér pláss í frystikistu Cryonics Institute, en stofnunin sú frystir lík fólks þangað til framfarir í læknavísindum verði slíkar að hægt sé að endurlífga það. Hún verður ekki ein, því hundarnir Tinkerbell og Cinderella fá líka pláss.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Harry prins hellir í sig

Harry prins, syni Karls og Díönu heitinnar, finnst fátt jafn gaman og að fá sér í tána. Og sannaði það rækilega á næturklúbbnum Amika í London en frá þessu greinir News of the World.

Harry fór þangað ásamt félögum sínum úr hernum og Chelsy, unnustu sinni, til að sletta aðeins úr klaufunum. Hersingin kom fyrst við á flottum stað í Fulham en lagði síðan undir sig besta borðið á staðnum. Þar dró Harry ekkert undan í drykkjunni og þegar kvöldið var á enda stóð reikningurinn í rúmum 1.500 pundum eða 200 þúsund krónum. Harry, sökum bláa blóðsins, fékk helmingsafslátt og greiddi fyrir með kreditkorti sínu.



**SKEMMTANAÓÐUR** Harry prins virðist kunna vel við sig í félagsskap við Bakkus, unnustu sinni til lítillar gleði.

Að sögn sjónarvotta var rauðhærði prinsinn orðinn ansi kenndur og hótaði meðal annars manni lífláti eftir að hann hafði sagt eitthvað við Chelsy. Lífverðir Harrys urðu að draga hann í burtu áður enda þætti það varla góð auglýsing fyrir fjölskylduna í Buckingham ef prins danglaði duglega í þegn sinn.

Harry virðist nánast óstöðvandi hvað skemmtanahald varðar því ljósmyndarar náðu af honum myndum í ansi annarlegu ástandi í veislu eftir að England missti af heimsmeistaratitlinum í rúbbí í París fyrir tveimur vikum. Þá missti Harry einnig af afmæli unnustu sinnar þegar hann kaus frekar að lyfta glasi í borg ástarinnar eftir sigur þjóðar sinnar á Frökkum í sömu keppni.

- fgg

# Varð þunglynd sextán ára

Amy Winehouse segir að hún hafi haldið að hún væri að deyja eftir að hún tók of stóran skammt eiturlyfja í ágúst síðastliðnum. „Ég hélt í alvörunni að ég væri að fara. Blake, eiginmaður minn, bjargaði lífi mínu og fór með mig á spítala," segir hún. Söngkonan viðurkennir einnig að hún hafi stundum ekki stjórn á sér. „Oft veit ég ekki hvað ég er að gera. Svo kemur minnið aftur degi síðar. Blake sagði mér seinna hvað hefði gerst og þá skammaðist ég mín niður í tær," segir söngkonan um reynsluna.

Hún greindi jafnframt frá því að hún hefði byrjað að taka lyf gegn þunglyndi þegar hún var sextán ára gömul. Henni hafi liðið eins og svart ský hangi yfir henni. „Síðan þá hef ég tekið pillur við þunglyndi en þær hægðu á mér. Ég held að það sé fullt af fólki sem verði fyrir svona skapsveiflum. Ég er bara svo ótrúlega heppin að hafa fundið þessa leið – tónlistina," segir söngkonan.

Winehouse er nú stödd á tónleikaferðalagi, og þess er skemmst að minnast þegar hún og eiginmaður hennar voru handtekin í Noregi vegna gruns um að þau hefðu eiturlyf í fórum sínum. Samkvæmt þýsku vefsíðunni Tages-Anzeiger voru nýafstaðnir tónleikar hennar í Zürich í Sviss hreinasti skandall. Söngkonan drakk viðstöðulaust á sviðinu, brast oft í grát og gat vart flutt lög sín.



**MISSIR STJÓRN** Amy Winehouse viðurkennir að hún hafi stundum ekki stjórn á sér. Tónleikar hennar í Zürich þóttu dæmi um stjórnleysi, þar sem hún grét og drakk viðstöðulaust á sviðinu.

# Kaupir inn í Köben og selur heim

**Guðrún Finnbogadóttir leggur íslenskum stúlkum í fataleit lið. Hún býr í Kaupmannahöfn, en rekur vefverslun í gegnum Myspace-síðu sína.**

Guðrún, sem iðulega er kölluð Gúrý, hefur rekið vefverslunina Shopcopenhagen á Myspace síðan í febrúar. „Ég var komin með vinnu sem fatahönnuður í fyrirtæki sem var að fara af stað á þessum tíma. Svo datt það eiginlega upp fyrir," útskýrir Gúrý tilurð Shopcopenhagen. „Ég var heima með nýfætt barn, og gat náttúrulega ekkert sótt vinnu úti, svo ég ákvað bara að búa mér til vinnu sjálf," sagði hún.

Gúrý kaupir inn föt í Kaupamannhöfn og annars staðar, sem hún býður svo til sölu á síðu sinni. „Viðskiptavinirnir eru eiginlega bara íslenskar stelpur. Þær eru miklar smekkmanneskjur og vita alveg hvað þær vilja," sagði Gúrý. „Það er rosa mikið um „vintage" og „second-hand" á Íslandi, en ég býð upp á föt sem geta verið öðruvísi en eru samt ný. Ég er persónulega ekki hrifin af notuðum fötum og langar ekki að ganga í skóm sem eru búnir að súrna í einhverri geymslu í þrjátíu ár," sagði hún og hló við.

Á síðunni býður hún til sölu ný föt í bland við gömul og eigin hönnun. „Ég er með dálítið af fötum sem eru eiginlega eftirlíkingar af því sem stjörnurnar ganga í. Sjálf kaupi ég rosalega mikið af fötum og á mikið sem ég hef annað hvort aldrei farið í eða bara verið í einu sinni. Ég býð það upp á síðunni," segir Gúrý. Þar að auki selur hún sína eigin hönnun, undir nafninu Gúrý design. „Ég var með venjulega myspace-síðu fyrir fötin sem ég geri sjálf. Svo fór ég að selja þau heima og það fór að myndast smá eftirspurn eftir þeim. Nú ég er ég með þau á Shopcopenhagen, og svo er ég að fara að selja í búðinni hans Skjaldar Eyfjörð, 101 Skjöldur," sagði Gúrý.



**GÓÐUR BYRJUNARREITUR** Gúrý stefnir á að opna fata- og skartgripaverslun í Kaupmannahöfn ásamt kærasta sínum og segir frábært að geta byrjað að byggja upp viðskiptavinahóp í gegnum Myspace.

Kærasti hennar er að læra gullsmíði í Kaupmannahöfn. Hann hefur farið sömu leið og Gúrý og hyggst selja hönnun sína á eigin Myspace-síðu. „Við stefnum svo að því að opna saman búð í Kaupmannahöfn, vonandi strax í byrjun næsta árs," sagði Gúrý, sem er þakklát fyrir góðar viðtökur Shopcopenhagen. „Það hefur alltaf verið draumurinn minn að opna búð og það er frábært að geta byrjað svona. Þar sem ég hef ekki fjármuni í heila búð eins og er er frábært að geta byggt upp kúnnahóp á þennan hátt," sagði hún.

Verslunina má nálgast á www.myspace.com/shopcopenhagen.






# K-Fed hræddur

Breska blaðið News of the World birti í gær ítarlegt viðtal við Nicole Narain sem er núverandi kærasta Kevins Federline, fyrrum eiginmanns Britney Spears. Nicole greinir þar frá hræðslu K-Fed um að Britney kunni að skaða sjálfa sig eða börnin. Ef marka má lýsingar Nicole virðist Britney vera ófær um barnauppeldi. Nicole hefur það eftir kærasta sínum að Spears hafi gefið yngri syni sínum brjóst á meðan hún sötraði á vodka, skilið strákana tvo eftir eftirlitslausa við sundlaugina og keyrt um með þá án þess að láta þá nota bílbelti.

Á föstudaginn hittust síðan skötuhjúin fyrrverandi hjá dómara í Los Angeles til að ræða forræðið og þar ákvað dómari að fresta því um sinn að þau hefðu jafnan forræðisrétt. Britney mun hafa verið í ansi annarlegu ástandi, rokið á dyr og öskrað ókvæðisorð að réttinum. Nýjasta plata Britney, sem heitir því skemmtilega nafni Blackout, hefur fengið frábæra dóma en einkalífið virðist vera rjúkandi rúst.



**GÓÐUR MAÐUR** Nicole segir K-Fed vera góðan og ástríkan mann og að Britney hafi misst mikið þegar þau skildu.



**HJÁLPARHÖND HERTOGAYNJU** Sarah Ferguson, eða Fergie, vill gjarnan rétta söngkonunni Britney Spears hjálparhönd. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fergie gefur Britney ráð

**Sarah Ferguson, hertogaynjan af York, vill rétta Britney Spears hjálparhönd. Fergie er ekki ókunn lífinu í sviðsljósinu og telur sig geta ráðlagt söngkonunni. „Ég vildi gjarnan tala við Britney. Ég vorkenni henni virkilega. Mig langar að segja henni að þetta verði allt í lagi,“ sagði hertogaynjan í viðtali í bandarískum sjónvarpsþætti.**

**Hún hefur þegar ákveðið hvað hún myndi segja við söngkonuna ef yrði af fundi þeirra: „Þetta er allt í lagi. Ekki láta gærdaginn eða morgundaginn ræna þig nútíðinni. Þetta er allt í lagi núna, finnum nú lausn. Byggjum saman og vinnum saman.“**

# Gaf endajaxl í afmælisgjöf

Scarlett Johansson er greinilega nýtin stúlka. Hún gaf kærasta sínum, Ryan Reynolds, tönn úr sér í afmælisgjöf. „Hún var nýbúin að láta fjarlægja endajaxlana úr sér, svo hún lét húða einn með gulli og hengdi hann á hálsmen fyrir hann,“ segir heimildarmaður.

Leikkonan gaf honum þessa prýðisgjöf í afmælisveislu á Chateau Marmont nokkru fyrir afmælið, þar sem hún var ekki í bænum sjálfan afmælisdaginn. Ryan datt aldeilis í lukkupottinn, því hann fékk líka gjafabréf í nudd frá kærustunni.



**JACKIE CHAN** Hasarmyndahetjan snjalla syngur opinbert lag Ólympíuleikanna í Peking.

# Syngur fyrir Ólympíuleika

**Hasarmyndahetjan Jackie Chan fór nýverið í hljóðver og söng opinbert lag næstu Ólympíuleika sem verða haldnir í Peking á næsta ári. Lagið heitir We Are Ready og stóðu upptökur yfir í þrjár klukkustundir, sem þykir ekki mikið.**

**Lagið er eingöngu sungið á kínversku en uppi eru hugmyndir um að gefa út enska útgáfu af laginu. Chan, sem starfar í Hollywood, hefur hingað til ekki verið þekktur fyrir sönghæfileika sína og verður því fróðlegt að heyra hvernig útkoman verður.**

# *Völva sá fyrir ósætti í borgarstjórn*

Árinu 2007 fer senn að ljúka og því er forvitnilegt að athuga hvað völvur tímaritanna sögðu í upphafi árs. Og þar kemur í ljós að sprengjan innan borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík virðist hafa verið skrifuð í stjörnurnar en einn maður lék á örlögin.

Völva Ísafoldar spáði að „á sviði bókaútgáfu yrðu nokkur tíðindi. Stórt útgáfufyrirtæki lendir í vandræðum og bjargar sér með því að ganga til samstarfs við keppinaut sinn, litríkan útgefanda sem hefur marga fjöruna sopið,” en óhætt er hægt að segja að sameining JPV og Eddu undir merkjum Forlagsins hafi verið stórtíðindi og komið flatt upp á marga. „Ég hef sagt áður en mér var kunnugt um þennan spádóm að þetta hafi verið skrifað í stjörnurnar og að lífið hefði húmor,“ segir Jóhann Páll Valdimarsson, sem væntanlega er þessi litríki útgefandi í spádómi völvunnar.

Annað og mun stærra mál vekur athygli og það er spá völvunnar um stjórnarslit Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í borginni. Slíkt virðist hreinlega hafa legið í augum uppi við upphaf ársins því völva Vikunnar sér einnig fyrir einhverja spennu í meirihlutanum. Björn Ingi Hrafnsson lék hins vegar augljóslega á örlaganornirnar því báðar völvurnar spá því að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Sjálfstæðisflokkurinn muni halda völdum og gekk Ísafoldarvölvan svo langt að spá því að Frjálslyndi flokkurinn myndi ganga inn í samstarfið. „Völvan sá heildarmyndina en hafði ekki öll smáatriðin á hreinu,“ segir Björn Ingi sem vildi þó ekki ganga svo langt að hann hefði storkað örlögunum.

Völva Ísafoldar virðist hafa verið með stjörnukort Eiðs Smára Guðjohnsen innan sinna vébanda því hún spáði því að Eiður Smári ætti eftir að eiga erfitt uppdráttar hjá Barcelona og sitja löngum stundum á bekknum eins og komið hefur á daginn. Viku-völvan taldi hins vegar að Eiður ætti eftir að slá í gegn á Spáni og standa af sér stormviðrið. Spákona Vikunnar hitti þó naglann á höfuðið þegar kom að Íslandsmeistaratitlinum í knattspyrnu karla því hún spáði því að eitthvað annað lið en FH myndi fara með sigur af hólmi. Ísafoldar-völvan var hins vegar algjörlega úti á þekju með þau mál því hún hélt því fram að Íslandsmeistaratitillinn myndi hafna hjá KR en eins og mörgum ætti að vera enn í fersku minni þá var Vesturbæjarveldið hvorki fugl né fiskur í sumar.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**ÖRLÖG EÐA TILVILJUN?** Völva Ísafoldar spáði því að borgarstjórnarmeirihlutinn myndi springa og Birni Inga Hrafnssyni bolað burtu.


www.volkswagen.is




Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

**Sportpakki á nýju og enn betra verði 190.000 kr. Verð áður ~~280.000~~ kr.**

- 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
- armpúði milli framsæta • samlitur

Golf Trendline kostar aðeins 20.100 kr. á mánuði miðað við 30% útborgun og bílasamning SP til 84 mánaða.

Volkswagen Golf er grænn bíll

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DARK IS RISING | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.15 | 7 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE HEARTBREAK KID LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 | 12 |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 3.50 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 3.45 300 kr. Síð. sýningar | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000
450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| DARK IS RISING | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| 4 MONTHS ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 - 8 | 16 |
| EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI | kl. 5.40 | 12 |
| HALLOWEEN | kl. 10.20 | 14 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10.20 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| EASTERN PROMISES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SYNDIR FEÐRANNA | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE KINGDOM | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| HEIMA - SIGURRÓS | kl. 6 | 14 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| EASTERN PROMISES | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 6 - 8 | 12 |
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 10.10 | 16 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 6 | 14 |




SAMbíó ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE INVASION DIGITAL | kl. 8D - 10:20D | 16 |
| THE INVASION | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | VIP |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| HEARTBRAKE KID | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE BRAVE ONE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| NO RESERVATIONS | kl. 8 | L |
| CHUCK AND LARRY | kl. 10:20 | 12 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 | L |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 5:30 | L |

SAMbíó AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ÍÞRÓTTAHETJAN m/ísl tali | kl. 6 | L |
| THE INVASION DIGITAL | kl. 8 - 10 | 16 |
| STARDUST | kl. 8 | 10 |
| THE TRANSFORMERS | kl. 10:20 | 10 |

SAMbíó KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE INVASION | kl. 6-8:20D-10:30D | 16 |
| DARK IS RISING | kl. 6 - 8 | 7 |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| IN THE LAND OF WOMEN | kl. 8 - 10:10 | L |
| THE KINGDOM | kl. 10:10 | 10 |

SAMbíó KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 | L |
| THE BRAVE ONE | kl. 8 | 16 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 10:20 | 16 |
| HALLOWEEN | kl. 10:20 | 16 |

SAMbíó SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10:10 | L |
| SUPERBAD | kl. 8 | 12 |
| HALLOWEEN | kl. 10:20 | 16 |




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EASTERN PROMISES | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 8 og 10.30 | 16 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is


# Úps, þau gerðu það aftur...

**Britney Spears er ekki eina stjarnan sem hefur hneykslað umheiminn í gegnum árin með fáránlegum uppákomum. Fjöldi tónlistarmanna hefur lent í alls konar vandræðum og hafa sumir komið sterkir til baka á meðan aðrir hafa fallið í gleymskunnar dá.**



MICHAEL JACKSON Fyrrum konungur poppsins hefur verið á hraðri leið niður á við síðan hann vingaðist við hinn tólf ára Jody Chandler.

GEORGE MICHAEL Popparinn var handtekinn í Los Angeles af löggu í dulargervi.

MADONNA Madonna þótti fara yfir strikið í bókinni Sex.

PAUL MCCARTNEY Bítillinn fyrrverndi reyndi að herma eftir Lennon í laginu Give Ireland Back to the Irish.

DAVID BOWIE Bowie heilsaði með nasistakveðju í London árið 1972.

Fyrrum konungur poppsins, Michael Jackson, hefur verið á hraðri leið niður á við síðan hann vingaðist við hinn tólf ára Jody Chandler árið 1992.

„Wacko Jacko“ eins og hann hefur verið kallaður flutti inn á heimili Chandlers til að hann gæti eytt meiri tíma með honum. Það hefði hann ekki átt að gera því árið eftir var hann ákærður fyrir að hafa misnotað hann kynferðislega. Ákæran var felld niður eftir að Jackson pungaði út um 1,3 milljörðum króna handa drengnum í skaðabætur.

## Nasistakveðja Bowie

Í blaðinu The Times er sagt frá því er David Bowie olli mikilli hneykslan þegar hann ók um Lundúnaborg 2. maí 1972 í blæjubíl sem hafði verið í eigu einræðisherra frá Suður-Ameríku.

Flestir töldu að Bowie hefði tapað glórunni þegar hann steig upp úr sæti sínu og veifaði til aðdáenda sinna með höndina útrétta upp í loftið að nasistasið. Þrátt fyrir þetta gleymdist atvikið fljótt og í raun hneyksluðust fjölmiðlar mun meira yfir misheppnuðum plötum hans með hljómsveitinni Tin Machine.

## Tilboð frá mafíunni

Ron Wood, gítarleikari The Rolling Stones, komst heldur betur í hann krappan í fríi í Miami árið 1981. Nokkrir mafíósar bönkuðu þá á dyr gestgjafa hans og spurðu Ronnie hversu mikið kókaín hann hefði mest notað á einum sólarhring. Að því búnu dreif einn mafíósinn sig inn í eldhúsið, skellti stórri krús á borðið og dreif kókaín ofan í mannskapinn.

Seinna í vikunni bað mafíuforinginn Ronnie um að stela óútgefnum upptökum af næstu plötu Stones til að hann gæti selt þær á svörtum markaði. Þetta var tilboð sem Ronnie ákvað snarlega að hafna og dreif sig með næstu flugvél úr landi án þess að til hans sæist.

## Sjálfsfróun á almannafæri

George Michael komst á forsíður slúðurblaða árið 1998 þegar hann var handtekinn fyrir ósæmilega hegðun á almannafæri.

Fyrrum Wham!-söngvarinn var staddur á salerni í almenningsgarði í Los Angeles þegar hann sá annan mann fróa sér í einum básnum og ákvað þá að gera slíkt hið sama. Michael til mikillar undrunar þá var hinn maðurinn lögga í dulargervi, sem var ekki lengi að skella popparanum í handjárn. Fljótlega eftir þetta kom Michael út úr skápnum.

## Klámfengnar stellingar

Madonna hefur margoft komist í fréttirnar fyrir ósæmilega hegðun.

Árið 1992 þótti mörgum hún fara yfir strikið þegar hún gaf út erótísku bókina Sex. Í henni voru myndir af Madonnu í alls konar klámfengnum stellingum þar sem sadó-masókismi og vísanir í nauðganir komu meðal annars við sögu. Fréttirnar af bókinni virtust bara auka áhuga almennings og seldist fyrsta upplagið upp í 1,5 milljónum eintaka á aðeins þremur dögum.

## Misheppnuð tilraun

Fyrrum Bítillinn Paul McCartney steig heldur betur feilspor þegar hann gaf árið 1972 út lagið Give Ireland Back to the Irish. Samdi hann það eftir atburðina á hinum blóðuga sunnudegi í Norður-Írlandi og ákvað að gefa það út sem fyrsta smáskífulag hljómsveitarinnar Wings.

Lagið var umsvifalaust bannað hjá breska ríkisútvarpinu, BBC, en það pínlegasta var samt einfaldur textinn sem þótti ekki komast nálægt öflugum áróðri fyrrum félaga hans John Lennon í lögum á borð við Power to the People. Næsta smáskífulag Wings eftir þetta var hið saklausa barnalag Mary Had a Little Lamb.

# Svifið um á Warhawk

Fyrst þegar ég sá Warhawk á E3 2006 var ég ekki alveg viss hvað ég átti að halda. Þetta var einn af fyrstu leikjunum sem ég sá nota Sixaxis-stjórnun Sony. Það virkaði eitthvað svo skrítið að fljúga svona um, en eftir að hafa spilað lokaútgáfu leiksins hefur álit mitt breyst algerlega.

Eftir að hafa upplifað fyrsta stóra bardagann á netinu hverfa allar efasemdirnar um leikinn. Leikurinn er hraður og skemmtilegur og býður upp á fjölbreytta spilun og stjórnun. Ég var sérstaklega hrifinn af því að maður getur valið hvernig stjórnun maður hefur ef maður er fótgangandi, fljúgandi eða á farartæki á jörðu niðri. Með þessu má fá góðan valkost um stjórnun.

Í netleikjum er jafnvægi gríðarlega mikilvægur hlutur, og það er ekki auðvelt í leik eins og Warhawk þar sem fólk er fótgangandi, með alls konar brjáluð vopn. Maður er með fólk á jeppum með stórskotabyssur. Síðan er bætt við þetta springandi skriðdrekum og fljúgandi um himininn eru Warhawk-vélarnar á fullri ferð að skjóta hverja aðra niður og hvern sem verður í vegi þeirra. Warhawk nær þessu jafnvægi.

Vegna þessara mismunandi leiða til að berjast munu flestir dást að Warhawk-vélunum og hvernig má svífa um himininn á þeim. Það er hægt að stjórna vélinni á tvenna vegu, með beinu flugi eða svifi. Hægt er að gera alls konar listir í loftinu, bæði til að heilla fólk á jörðu niðri og til að reyna að hrista af sér eldflaugina sem besti vinur manns var að enda við að senda á mann. Vilji maður gera árás á jörðu niðri er auðvelt að smella á einn takka og þá hagar Warhawk-vélin sér ekki ólíkt breskri Harrier-þotu.

Leikurinn býður upp á nokkra fjölbreytni í leikjatýpum, það er hið klassíska: Deathmatch, Team Deathmatch, Ctf, Dogfight og síðan Zones. Leikurinn skartar fimm borðum. Við fyrstu sýn virðist þetta vera dálítið lítið, en þegar er tekið tillit til að borðin geta breyst eftir hve margir eru að spila á því eða hvaða leikjategund er spiluð breytist þetta fljótt.

**Sveinn A. Gunnarsson**




**TÖLVULEIKIR**

**Warhawk**

Playstation 3

★★★★

Einn af betri leikjum á PS3 og besti netspilunarleikurinn á vélina hingað til.

# Skilaboðaskjóðan þá og nú

**Tveir tímar mættust á Stóra sviði Þjóðleikhússins á dögunum. Leikhópur Skilaboðaskjóðunnar, sem frumsýnd verður í nóvember, átti stefnumót við fyrirrennara sína. Skilaboðaskjóðan var síðast sett upp í Þjóðleikhúsinu árið 1994, þegar Kolbrún Halldórsdóttir þingmaður leikstýrði hópnum. Í ár er það Gunnar Helgason sem leikstýrir nýjum hópi leikara, sem tók stefnumótinu við forvera sína fagnandi.**



**TVEIR TÍMAR** Leiðir leikhópanna tveggja lágu saman á dögunum en í þeim eru margir helstu leikarar þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**NORNATAL** Nornirnar tvær, Felix Bergsson og Ívar Helgason, ræddust við og hefur eflaust ekki skort umræðuefnin.



**NÝ STÖRF** Kolbrún Halldórsdóttir leikstýrði Skilaboðaskjóðunni árið 1994 en hún hefur nú snúið sér að öðrum og alvarlegri störfum.



**Á SKRAFI** Rúnar Freyr Gíslason og Randver Þorláksson tóku tal saman.

# Innsigla samstarfið

„Okkur hefur alltaf tekist mjög vel að starfa saman frá því við vorum í Purrki Pillnikk. Það er líka kjörið að innsigla okkar gamla samstarf með þessum hætti,“ segir rithöfundurinn Bragi Ólafsson, sem hefur gefið út bókina „Mátunarklefinn og aðrar myndir“ með félaga sínum úr Smekkleysu, Einari Erni Benediktssyni.

Trjávöxtur og kirkjugarðar eru áberandi í nýju bókinni, sem hefur að geyma hinar ýmsu teikningar og orðmyndir. Þótt bókin sé sú fyrsta sem þeir félagar gefa út saman hafa þeir lengi starfað saman í bókaútgáfu því Einar Örn hefur myndskreytt margar af bókarkápum Braga. „Við settum saman eins konar bók árið 1984 með teikningum og textum sem við hættum við að gefa út. Síðan höfum við alltaf orðað það af og til að búa til eitthvað saman. Við byrjuðum með seríu hjá Smekkleysu með litlum bókum og hugmyndin okkar passaði í það. Ég hef lengi verið aðdáandi Einars sem teiknara þannig að ég spurði hvort hann væri ekki til í þetta,“ segir Bragi.

Þrátt fyrir að plötuútgáfa hafi alla tíð verið í aðalhlutverki hjá Smekkleysu hefur bókaútgáfa einnig komið við sögu í rekstrinum og er bók Braga og Einars hluti af smáritaútgáfu fyrirtækisins. Á sama tíma kemur út bókin Sjónvilla með textum eftir ljóðskáldið og þýðandann Óskar Árna. - fb



**BRAGI ÓLAFSSON** Bragi Ólafsson og Einar Örn Benediktsson hafa gefið út sína fyrstu bók saman.



**EINAR ÖRN** Einar Örn Benediktsson hefur myndskreytt bókarkápur Braga.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Sir Paul McCartney** spilaði Bítlalögin Hey Jude og Eleanor Rigby á tónleikum á hátíð breska ríkisútvarpsins Electric Proms. Þetta voru fyrstu tónleikar McCartney í Bretlandi síðan skilnaðarmál hans var tekið fyrir í dómstólum. Paul, sem er 65 ára, spilaði í eina og hálfa klukkustund og á meðal áhorfenda voru dætur hans Stella og Mary.



Vandræðagemlingurinn **Pete Doherty** var dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir röð mála tengdum eiturlyfjanotkun hans, fyrir að aka án ökuskírteinis og fyrir að aka án bílatryggingar. Doherty, sem er 28 ára, þarf jafnframt að gangast undir eins árs eiturlyfjameðferð. „Þú ert á réttri leið og vonandi heldurðu því áfram. Ég vil ekki sjá þig misstíga þig,“ sagði dómarinn.



**Lynne Spears**, móðir hinnar ólánsömu **Britney**, ætlar að gefa út sjálfsævisögu þar sem hún lætur allt flakka um stormasamt samband þeirra mæðgna. Talið er að Lynne hafi gert samning við útgefandann Thomas Nelson og bókin komi út snemma á næsta ári. Stutt er síðan sættir tókust á milli þeirra.



## > Baldur áfram hjá Val

Húsvíkingurinn Baldur Aðalsteinsson mun að öllu óbreyttu skrifa undir nýjan samning hjá Íslandsmeisturum Vals samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins. Baldur hefur verið orðaður við fjölmörg lið undanfarið, þar á meðal FH og KR, en mun ganga frá sínum málum hjá Val í vikunni. Baldur hefur verið einn af lykilmönnum Vals og átt stóran þátt í að landa síðustu tveimur titlum með liðinu, þar sem hann skoraði sigurmarkið í bikarúrslitaleiknum árið 2005 og lagði upp markið sem tryggði Val Íslandsmeistaratitilinn í lokaumferðinni síðastliðið sumar.



sport

sport@frettabladid.is

**EINAR JÓNSSON OG ÁSTA BIRNA GUNNARSDÓTTIR:** FRAM AÐ UPPSKERA EFTIR UPPBYGGINGU UNDANFARIN ÁR

# *Kvennadeildin hefur aldrei verið jafn öflug og nú*

Fram vann Val 23-22 í stórleik N1-deildar kvenna í gær og er sem stendur á toppi deildarinnar. Leikurinn var hin besta skemmtun og æsispennandi í lokin, en Sigurbjörg Jóhannsdóttir skoraði sigurmark Fram á lokasekúndum leiksins.

„Það var frábært að vinna í svona baráttuleik. Við vorum búnar að bíða lengi eftir þessum leik og mættum því ákveðnar og sýndum mikinn vilja og baráttu frá fyrstu mínútu. Við spiluðum frábæra vörn í byrjun leiks og það var að mínu mati lykillinn að sigri okkar," sagði Ásta Birna Gunnarsdóttir, fyrirliði Fram, í leikslok en hún var ein af fimm leikmönnum Fram sem valdir voru í landsliðshópinn sem spilaði á æfingamóti í Hollandi á dögunum.

„Það var náttúrulega frábær viðurkenning fyrir okkur að hafa fengið að taka þátt í þessu verkefni með landsliðið og undirstrikar bara það sem Fram-liðið hefur verið að gera í vetur," sagði Ásta Birna.

Einar Jónsson, þjálfari Fram, var að vonum sáttur með stelpurnar sínar í leikslok.



„Mér fannst þetta frábær leikur sem var mjög spennandi og ekki var verra að áhorfendur sköpuðu mikla stemningu. Við leiddum leikinn með 4-5 mörkum í 40 mínútur en svo kom kafli þar sem kannski eitthvert reynsluleysi spilaði inn í, en engu að síður frábær sigur hjá okkur. Valsstúlkur hafa verið að spila best af öllum liðum hingað til, sem gerir sigur okkar enn ánægjulegri," sagði Einar og telur að Fram sé einfaldlega að uppskera núna eftir mikla vinnu undanfarin ár.

„Við erum búin að leggja gríðarlega vinnu í þessar stelpur, ekki bara í ár heldur undanfarin ár og Fram stefnir hátt. Ég er ánægður með að við séum enn taplausar og við erum alveg á áætlun með það, en það er enn löng leið eftir og lið eins og Haukar og Stjarnan eiga eftir að verða betri, sem og Grótta og Valur. Deildin í ár er mjög sterk og ég tel að hún hafi aldrei verið jafn öflug og nú," sagði Einar.

## ÚRSLITIN Í DAG

### *Iceland Express-deild karla*

| | |
|---|---|
| Njarðvík-Keflavík | 63-78 (38-44) |

**Stig Njarðvíkur:** Brenton Birmingham 15, Friðrik Stefánsson 14 (13 fráköst, 4 stoðsendingar), Jóhann Árni Ólafsson 10, Guðmundur Jónsson 7 , Charleston Long 6, Hörður Axel Vilhjálmsson 4, Egill Jónasson 4, Sverrir Þór Sverrisson 3.
**Stig Keflavíkur:** Bobby Walker 18 (7 fráköst, 4 stolnir), Tommy Johnson 18, Magnús Þór Gunnarsson 9 (9 fráköst, 6 stoðs.), Jón Norðdal Hafsteinsson 8, Arnar Freyr Jónsson 8, Anthony Susnjara 7, Gunnar Einarsson 6 , Sigurður Gunnar Þorsteinsson 4.

| | |
|---|---|
| Fjölnir-Tindastóll | 91-94 |
| Þór Ak.-KR | 91-100 |
| Snæfell-Stjarnan | 101-85 |

### *N1-deild kvenna í handbolta*

| | |
|---|---|
| Fram - Valur | 23-22 |
| Akureyri - HK | 26-36 |

### *Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| Bolton-Aston Villa | 1-1 |
| 1-0 Nicolas Anelka (22.), 1-1 Luke Moore (56.). | |
| Derby-Everton | 0-2 |
| 0-1 Mikel Arteta (26.), 0-2 Yakubu (63.). | |
| Tottenham-Blackburn | 1-2 |
| 1-0 Robbie Keane (49.), 1-1 Benedict McCarty (60.), 1-2 Christopher Samba (90+1). | |
| Liverpool-Arsenal | 1-1 |
| 1-0 Steven Gerrard (7.), 1-1 Cesc Fabregas (80.). | |

### *Ítalska A-deildin*

| | |
|---|---|
| Siena-Reggina | 0-0 |
| Emil Hallfreðsson var í byrjunarliði Reggina en var skipt útaf á 69. mínútu. | |
| AC Milan-Roma | 0-1 |
| 0-1 Mirko Vucinic (72.). | |
| Palermo-Inter | 0-0 |

### *Spænska deildin í fótbolta*

| | |
|---|---|
| Real Madrid-Deportivo | 3-1 |
| 0-1 Xisco (1.), 1-1 Ruud Van Nistelrooy (7.), 2-1 Raúl (79.), 3-1 Robinho (89.). | |
| Barcelona-Almería | 2-0 |
| 1-0 Thierry Henry (37.), 2-0 Lionel Messi (81.). Eiður Smári kom inn á sem varamaður á 63. mín. | |

### *Ítalski körfuboltinn*

| | |
|---|---|
| Lottomatica Roma-Solsonica Rieti | 76-86 |
| Jón Arnór Stefánsson skoraði 11 stig fyrir Roma. | |

### *Norski fótboltinn*

| | |
|---|---|
| Rosenborg-Lyn | 3-0 |
| Indriði Sigurðsson var í byrjunarliði Lyn og spilaði allan leikinn. | |
| Brann-Viking | 5-2 |
| Ólafur Örn Bjarnason var í byrjunarliði Brann og Hannes Sigurðsson spilaði seinni hálfleikinn, en Kristján Örn Sigurðsson tók út leikbann. | |
| Fredrikstad-Strømsgodset | 1-1 |
| Garðar Jóhannsson kom inn á sem varamaður fyrir Fredrikstad á 69. mínútu. | |
| Start-Lillestrøm | 0-0 |
| Jóhannes Harðarson var ekki í leikmannahópi Start vegna meiðsla og Viktor Bjarni Arnarson sat á varamannabekk Lillestrom allan leikinn. | |
| Stabæk-Tromsø | 5-0 |
| Veigar Páll Gunnarsson skoraði eitt mark og lagði upp annað fyrir Stabæk og Hörður Sveinsson kom inn á sem varamaður fyrir Tromso á 63. mín. | |
| Vålerenga-Aalesund | 2-1 |
| Árni Gautur Arason var í marki Vålerenga, en Haraldur Guðmundsson var í leikbanni hjá Aalesund. | |

### *Sænski fótboltinn*

| | |
|---|---|
| Gautaborg - Trelleborg | 2-0 |
| Hjálmar Jónsson og Ragnar Sigurðsson spiluðu báðir allan leikinn fyrir Gautaborg. | |
| Helsingborg - Halmstad | 9-0 |
| Ólafur Ingi Skúlason var ekki í leikmannahópnum hjá Helsingborg. | |
| Djurgården - Brommapojkarna | 0-1 |
| Sölvi Geir Ottesen sat á varamannabekk Djurgården og kom ekki við sögu í leiknum. | |
| Hammarby - GAIS | 4-0 |
| Eyjólfur Héðinsson og Jóhann Guðmundsson spiluðu allan leikinn fyrir GAIS. | |

# Njarðvíkingar skotnir niður

**Keflvíkingar eru einir á toppi Iceland Express-deildar karla eftir sannfærandi 15 stiga sigur, 63-78, í Ljónagryfjunni í gær. Njarðvíkingar voru búnir að vinna átján deildarleiki í röð fyrir leikinn.**

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar eru einir á toppi Iceland Express-deildar karla eftir 15 stiga útisigur, 63-78, á nágrönnum sínum í Njarðvík í gærkvöldi. Keflavík hefur þar með unnið alla fjóra leiki sína í deildinni í vetur og þar á meðal eru sigrar á tveimur af erfiðustu útivöllunum, í Hólminum og í Ljónagryfjunni.

Bandaríkjamennirnir Tommy Johnson og Bobby Walker voru áfram í aðalhlutverkum í Keflavíkurliðinu og Johnson kom Keflavík í 5-0 eftir aðeins 35 sekúndur (þristur og troðsla í hraðaupphlaupi) og kveikti með því í Keflavíkurliðinu strax í upphafi leiks. Keflvíkingar voru með frumkvæðið nánast allan leikinn og heimamenn í Njarðvík voru alltaf á eftir þeim. Keflavík var 23-14 yfir eftir fyrsta leikhluta og 44-38 yfir í hálfleik. Keflavík opnaði seinni hálfleik með tveimur þriggja stiga körfum og komst í 50-38 en Njarðvíkingar náðu að minnka muninn aftur niður í tvö stig. Keflvíkingar héldu sér á floti á sóknarfráköstunum og grimmri vörn í fjórða leikhlutanum og þeim Friðrik Stefánssyni og Brenton Birmingham skorti augljóslega þol til þess að draga Njarðvíkurliðið allan leikinn. Sigurður Ingimundarson gat skipt meira inn á og innkoma Gunnars Einarssonar var sem dæmi afar mikilvæg í lokin enda tók hann þá allar réttu ákvarðanirnar á báðum endum vallarins.



**GÓÐUR SIGUR** Keflavík vann Njarðvík í gærkvöld og hér er Keflvíkingurinn Jón Norðdal Hafsteinsson að stökkva upp og skora eitt af átta stigum sínum í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIREE

„Þetta eru skemmtilegustu leikirnir og ég tala ekki um þegar við vinnum þá. Við skulduðum þeim síðan í fyrra þegar þeir unnu okkur eiginlega alltaf," sagði Magnús Þór Gunnarsson, fyrirliði Keflavíkur. „Þetta eru tvö góð lið á góðu róli en við vorum bara að spila aðeins betur í dag. Það er geggjað að halda Njarðvík í bara 63 stigum á þeirra eigin heimavelli. Við skorum 78 stig sem er kannski ekki geggjaður sóknarleikur en það var nóg í dag," sagði Magnús sem er sáttur með byrjunina á deildinni í vetur. „Við erum að sýna það sem við getum og við erum ekkert hættir því það eru bara fjórir leikir búnir. Við erum á toppnum og viljum vera þar," sagði Magnús að lokum.

Friðrik Stefánsson, fyrirliði Njarðvíkur, gaf allt sitt í leikinn en það dugði ekki. „Við vorum lélegir og þeir voru betri á öllum sviðum körfuboltans. Það er glatað að vera ekki betur stemmdir á móti keflavík og láta þá niðurlægja okkur á heimavelli. Það er alltaf heimsendir að tapa á móti Keflavík og tekur mann að minnsta kosti viku að jafna sig á því. Þeir skutu okkur niður á jörðina og nú þurfum við að byggja liðið upp aftur," sagði Friðrik sem var besti maður Njarðvíkur í leiknum í gær.

Keflvíkingar sönnuðu ýmislegt í leiknum í gær. Þeir hafa sýnt að þeir geta spilað svaka sóknarleik í upphafi móts en með því að halda Njarðvík í 63 stigum á heimavelli sýndu þeir og sönnuðu að varnarleikur liðsins stendur sóknarleiknum lítið að baki.

**ooj@frettabladid.is**



**MEISTARAR** Ragnar Sigurðsson og Hjálmar Jónsson urðu sænskir meistarar með IFK Gautaborg. FRÉTTABLAÐIÐ/TOMMY HOLL

Sænski meistaratitillinn:

# Ragnar og Hjálmar unnu

**FÓTBOLTI** **Ellefu ára bið IFK Gautaborgar eftir sænska meistaratitlinum lauk í gær þegar liðið tryggði sér titilinn með 2-0 sigri á Trelleborg í lokaumferðinni.**

**Lærisveinar Sigurðar Jónssonar í Djurgården töpuðu hins vegar 0-1 á heimavelli á móti botnliði IF Brommapojkarna og enduðu fyrir vikið í þriðja sætinu á eftir IFK Gautaborg og Kalmar en liðin þrjú gátu öll orðið meistarar í gær. Bæði mörkin hjá Gautaborg komu í fyrri hálfleik og þau hefðu getað orðið fleiri í seinni hálfleik.**

**Ragnar Sigurðsson átti frábært tímabil og var einn af bestu leikmönnum ársins. Hann lék allan leikinn í gær, alveg eins og Hjálmar Jónsson sem hefur verið hjá liðinu síðan 2002 og því upplifað súrt og sært með liðinu.**

**Djurgården þurfti að vinna sinn leik og treysta á önnur úrslit en á endanum náðu lærisveinar Sigurðar Jónssonar ekki að klára botnlið Brommapojkarna.**

**„Auðvitað er ég vonsvikinn því við höfðum óskað okkur betri endi. Annað eða þriðja sætið skiptir ekki máli fyrir okkur. Þetta hefur verið frábært tímabil," sagði Sigurður Jónsson við Aftonbladet eftir leik.**

**- óój**

Liverpool og Arsenal gerðu jafntefli, 1-1, í stórleik á Anfield Road í ensku úrvalsdeildinni í gærdag:

# Arsenal endurheimti toppsætið á ný

**FÓTBOLTI** Liverpool og Arsenal skildu jöfn, 1-1, í stórleik helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni í gær. Jafnteflið þýðir að bæði lið eru enn taplaus í deildinni. Enn fremur dugði jafnteflið Arsenal til þess að endurheimta toppsæti deildarinnar en Liverpool er sem stendur í sjöttu sæti.

Liverpool fékk óskabyrjun í leiknum þegar fyrirliðinn Steven Gerrard skoraði glæsilegt mark eftir óbeina aukaspyrnu strax á sjöundu mínútu. Rafa Benitez, stjóri liðsins, ætlaði liði sínu greinilega mikla hluti í leiknum og bauð upp á þriggja manna sóknarlínu með þeim Fernando Torres, Dirk Kuyt og Andriy Voronin. En það voru hins vegar gestirnir í Arsenal sem sóttu meira og Pepe Reina, markvörður Liverpool, hafði í nógu að snúast.

Sóknarþungi Arsenal var það mikill að eitthvað hlaut að láta undan, en Arsenal jafnaði leikinn þó ekki fyrr en 10 mínútum fyrir leikslok og hver var að verki annar en hinn sjóðandi heiti Cesc Fabregas. Hvorugt liðið náði að skora á lokakaflanum og 1-1 jafntefli því niðurstaðan en Arsenal átti tvö stangarskot í leiknum, auk þess sem Nicklas Bendtner misnotaði færi fyrir opnu marki í lokin. Hjá Liverpool var Gerrard atkvæðamestur og komst nokkrum sinnum nærri því að skora með skotum utan af velli.



**SJÓÐANDI HEITUR** Cesc Fabregas jafnaði leikinn fyrir Arsenal gegn Liverpool í gær, en markið var hans fimmta í deildinni í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

Jafnteflið þýðir að bæði lið eru enn taplaus í deildinni eftir að hafa leikið tíu leik hvort og Arsenal endurheimti toppsætið en Liverpool, sem missti bæði Fernando Torres og Xabi Alonso í meiðsli í leiknum, er í því sjötta.

„Það voru gríðarleg vonbrigði fyrir okkur að missa Torres út af meiddan því við höfðum ætlað honum stórt hlutverk í okkar leikskipulagi og svo þurfti Alonso einnig að hætta leik og við þurftum að breyta öllu. Eins og leikurinn spilaðist var jafntefli alls ekki slæm úrslit, en við þurfum að bæta árangur okkar á heimavelli," sagði Rafa Benitez, stjóri Liverpool, í viðtali við sjónvarpsstöðina Sky Sports eftir leik.

„Þetta var stórt próf fyrir okkur og mér fannst spilamennska okkar í leiknum vera fyrsta flokks. Leikurinn í heildina var í raun frábærlega spilaður og við fengum nóg af tækifærum til að vinna leikinn, en það gekk ekki upp í þetta skiptið," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, í viðtali við Sky Sports í leikslok. **- óþ**


Kíktu inn á www.pitstop.is og skoðaðu úrvalið
pitstop
Pitstop – góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta
TILBOÐ
FÓLKSBÍLA- OG JEPPADEKK
Afsláttur
15% afsláttur af öllum Michelin dekkjum undir fólksbíla og jeppa og 20% afsláttur af allri vinnu við að gera þau tilbúin og koma þeim undir bílinn, þar með talið umfelgun og míkróskurður og negling ef um slíkt er að ræða.
MICHELIN
MICHELIN
BFGoodrich
Kleber
Vörumerki sem framleidd eru af Michelin – þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi
HELIX
Við notum Shell Helix smurolíur
pitstop
Dugguvogi 10
Sími: 568 2020
pitstop
Skeifunni 5
Sími: 568 2025
pitstop
Hjallahrauni 4 Hfj.
Sími: 565 2121
Opnar 12. nóvember!
Rauðhellu 11 Hfj.
Sími: 568 2035
Líttu inn á www.pitstop.is ~ Tilboð ~ Upplýsingar ~ Dekk ~ Felgur ~ Fróðleikur ~ Og fleira

## > Courteney Cox

Courteney og David Arquette sættust á að skíra dóttur sína Coco eftir smá málamiðlanir. Courteney vildi láta skíra hana Courteney Cox í höfuðið á sér og móður sinni. Það sammælist hins vegar ekki venjum gyðinga að skíra fólk í höfuðið á lifandi fólki en David er hálfur gyðingur. Því völdu þau nafnið Coco sem var gælunafn móður Courteney. Courteney leikur í Dirt í Sjónvarpinu.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON MÁLAÐI STOFUNA

# *Nágrannar mínir, konan og píla í bakinu*

Konur er vanmetnar af öllum. Sérstaklega konum. Eiginkonur eru vanmetnastar af öllum konum, og þá sérstaklega af öðrum eiginkonum. Eiginkonur sem og allar aðrar konur horfa á Nágranna. Þær virkilega HORFA á Nágranna og ég ræð öllum um heilt að vanmeta ekki þá staðreynd. Dæmisaga:

Ég notaði þriðjudaginn síðasta til að mála stofuna. Löngu orðið tímabært. Málaði stofuna í laxableikum tón. Konunni fannst hann fallegur. Ég bý í litlu húsi. Ég er til dæmis alltaf í megrun, því konan segir að ef þetta haldi svona áfram þá þurfi að flytja eða byggja við.

Vinnuplan konunnar minnar var í raun einfalt. Bera allt út úr stofunni, plasta, skera meðfram og mála loftið fyrir hádegi. Klára allt annað áður en Nágrannar byrja uppúr klukkan sex.

Vinnudagbókin hljómar svona: 09.00 Allt borið út í skúr (konan lætur fjúka komment um að ég sé myndarlegur). 10.00 Plastað, skorið og loftið málað (konan klípur í rassinn á mér, flissandi). 11.00 Suðurveggur málaður. 12.00 Vesturveggur málaður. 13.00 Austurveggur málaður. 14.00 Norðurveggur málaður (konan sátt og daðrar pínulítið meira). 14.15 Allt orðið þurrt og ég sé að það þarf að mála aðra umferð (konan horfir á mig, öll hlýja horfin). Sami hringur og klukkan orðin 16.30. Konan spyr sjálfa sig hvort það hafi verið rétt ákvörðun að taka saman við mig. Horfir á mig og væntir svars. Svipurinn er þannig að ég efast stórlega um það. 17.00 Ég byrja að blása á veggina til að hraða þornun. 17.05 Ræsi hárþurrkuna í sama tilgangi. 17.45 þornun ásættanleg. Ætla að bera inn sjónvarpið en fæ rosalega í bakið. Leggst í götuna. 17.55 Konan kemur hlaupandi út og hverfur inn í hús nágrannans. 17.56 Ég byrjaður að gráta af kvölum. 18.20 Nágrannar búnir og konan kemur út frá nágrannanum. 18.21 Konan biður nágrannann um að bera inn sjónvarpið. Ég skríð á eftir. 18.22 Konan spyr: Hefði ekki verið sniðugra að mála á sunnudegi?




## EKKI MISSA AF



▶ **18.00** Moonlight And Valentino STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00** The Company - Lokaþáttur SKJÁREINN



▶ **21.45** Saving Grace STÖÐ 2



▶ **22.45** Næturvaktin SIRKUS



▶ **22.45** Slúður SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu** (6:36)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hanna Montana** (4:26)
**18.00 Myndasafnið**
**18.01 Gurra grís** (63:104)
**18.06 Fæturnar á Fanney** (20:26)
**18.17 Halli og risaeðlufatan** (33:52)
**18.30 Út og suður** (7:12)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Matur er mannsins megin** (6:6) Hvað eigum við að borða og hvers vegna? Hvaða matur hjálpar okkur að hlaupa hraðar, eykur gáfurnar og skerpir hugsunina? Yrðu grænmetisætur sterkari ef þær borðuðu kjöt?
**21.15 Glæpahneigð** (25:45) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Sportið**
▶**22.45 Slúður** (7:13) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.35 Spaugstofan**
**00.05 Bráðavaktin** (15:23)
**00.50 Kastljós**
**01.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Stickup**
**08.00 Bridget Jones 2. Mörk skyn**
**10.00 Friday Night Lights**
**12.00 Moonlight And Valentino (e)**
**14.00 Bridget Jones 2. Mörk skyn**
**16.00 Friday Night Lights**
▶**18.00 Moonlight And Valentino (e)**
**20.00 The Stickup** Hörkuspennandi bíómynd með James Spader í aðalhlutverki.
**22.00 Human Timebomb**
**00.00 Little Nikita (e)**
**02.00 Dark Water**
**04.00 Human Timebomb**

## STÖÐ 2

**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love** (51:120)
**10.15 Numbers** (2:24)
**11.00 Freddie** (10:22)
**11.25 Ástarfleyið** (7:11)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Sisters** (10:22)
**13.55 Men With Brooms**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** (e)
**17.30 The Bold and the Beautiful**
**17.55 Nágrannar**
**18.20 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 The Simpsons** (5:22) (e)
**19.50 Friends** (13:24)
**20.15 Wife Swap** (3:10) Hefur þig einhvern tímann langað að skipta um eiginmann, -konu eða mömmu? 2005. Leyfð öllum aldurshópum.
**21.00 Side Order of Life** (3:13) Side Order of Life er nýr, rómantískur og glettilega fyndinn framhaldsþáttur sem sló í gegn í Bandaríkjunum í sumar. 2007.
▶**21.45 Saving Grace** (8:13) Spennandi þáttaröð með Óskarsverðlaunaleikkonunni Holly Hunter í aðalhlutverki. 2007. Bönnuð börnum.
**22.30 Weeds** (9:12) Önnur þáttaröðin um húsmóðurina Nancy sem er einn heitasti eiturlyfjasalinn í úthverfum Los Angeles borgar.
**23.00 Weeds** (10:12)
**23.30 See No Evil. The Story of the Moor Murder** (1:2) Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins sem segir hryllilega sögu barnamorðingjanna Ians Bradys og Myru Hindley. Hjónin myrtu fimm börn og unglinga á árunum 1963-65 og eru alræmd í Bretlandi sem einir verstu raðmorðingjar sem sögur fara af. Aðalhlutverk. Maxine Peak, Sean Harris. 2006.
**00.40 NCIS** (9:24)
**01.25 Most Haunted**
**02.10 Men With Brooms**
**03.50 Side Order of Life** (3:13)
**04.35 Saving Grace** (8:13)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Spænski boltinn** (Spænski boltinn 07/08) Útsending frá leik í spænska boltanum.
**16.00 Spænski boltinn** (Spænski boltinn 07/08) Endursýning á leik Sevilla og Valencia.
**17.40 Spænski boltinn** (Spænski boltinn 07/08) Endursýning á leik Real Madrid og Deportivo.
**19.20 NFL** (Bandaríski fóboltinn)
**21.20 Þýski handboltinn** (Þýski handboltinn 2007-2008 - Highlights) Öll helstu tilþrifin úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.
**22.00 Spænsku mörkin 2007-2008** (Spænsku mörkin 2008-2008) Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Einnig eru rakin umdeildustu atvikin, brottrekstrarnir og bestu marktækifærin.
**22.45 World Series of Poker 2007** (World Series of Poker 2007) Á heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**23.40 Spænski boltinn** (Spænski boltinn 07/08)

## SÝN 2

**07.00 Liverpool - Arsenal**
**15.05 Reading - Newcastle**
**16.45 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**17.45 Liverpool - Arsenal**
**19.25 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**19.55 Coca-Cola Championship**
**21.50 English Premier League 2007/08** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**22.50 Coca Cola mörkin 2007-2008** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**23.20 Coca-Cola Championship**
**01.00 Portsmouth - West Ham**

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Allt í drasli** (e)
**17.45 Family Guy** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 30 Rock** (e)
**19.30 Giada´s Everyday Italian** (e)
**20.00 Friday Night Lights** (11:22) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Jason er kominn heim úr endurhæfingunni en á erfitt með að sætta sig við lífið og tilveruna.
▶**21.00 The Company - Lokaþáttur** Kraftmikil þáttaröð með Chris O´Donnell, Michael Keaton og Alfred Molina í aðalhlutverkum. Það er komið að lokaþættinum í þessari mögnuðu sögu sem spannar meira en hálfa öld í baráttu risaveldanna í Kalda stríðinu. KGB gerir áætlanir til að setja allt á annan endann í bandarísku efnahagslífi.
**22.00 C.S.I. New York** (9:24) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Ung kona er myrt á sjúkrahúsi skömmu eftir að hún vaknar úr dauðadái. Hún hafði lent í bílslysi fimm dögum áður.
**23.00 Fyrstu skrefin** Frábær þáttaröð um börn, uppeldi þeirra og síðast en ekki síst hlutverk foreldra og annarra aðstandenda.
**23.25 Silvía Nótt** Frægasta frekjudós Íslands, Silvía Nótt, stendur ávallt fyrir sínu.
**23.50 Californication** (e)
**00.25 Masters of Horror** (e)
**01.15 C.S.I.**
**02.00 Vörutorg**
**02.58 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Alvöru dísil jeppar
## fyrir íslenskar aðstæður...

Eyðsla í blönduðum akstri
**aðeins 8,7 ltr. á 100 km.**



**Hinn nýi KYRON** er fullvaxinn sjálfskiptur **dísil jeppi** með **hátt og lágt drif**
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: **Turbo dísil Intercooler**
• 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
• 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
• **31" TOYO dekk** • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
• Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
• Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
• Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar




## ...upplifðu ósvikinn **kraft og fegurð**

Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12 • 112 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.

SSANGYONG

Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur

**Bílasalan Ós** Akureyri, sími 462 1430
**Bílahornið hjá Sissa** Keflavík, sími 420 3300
**Bílasala Vesturlands** Borgarnesi, sími 437 2100
**Bílasala Austurlands** Egilsstöðum, sími 471 3005

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.00
### Side Order of Life

Side Order of Life er nýr, rómantískur og fyndinn framhaldsþáttur um ljósmyndarann Jenny sem er við það að ganga í hjónaband þegar vinkona hennar veikist alvarlega. Jenny tekur því sem merki um að hún þurfi að lifa lífinu til fulls og ákveður því að slíta trúlofuninni. Í þætti kvöldsins kemur hins vegar í ljós að það er ekki eins auðvelt og hún bjóst við að slíta sambandinu.



## ▶ MATUR ER MANNSINS MEGIN

**Sjónvarpið kl. 20.20**

Heimildarmyndaflokkur frá BBC um þau áhrif sem mismunandi fæðutegundir hafa á fólk í lengd og bráð. Í sjötta og síðasta þættinum er fjallað um hvað við eigum að borða og hvers vegna. Hvaða matur hjálpar okkur að hlaupa hraðar, eykur gáfurnar og skerpir hugsunina? Yrðu grænmetisætur sterkari ef þær borðuðu kjöt? Gerir feitur fiskur okkur klárari í kollinum?



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Stúlkan í skóginum
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.20** Kvika
**22.15** Afsprengi
**23.10** Upp og ofan
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**18.20 Fréttir**

**19.10 Hollyoaks** (45:260)

**19.30 Hollyoaks** (46:260)

**20.00 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn.

**20.25 Most Shocking** Hörkuspennandi raunveruleiki sem á engan sinn líkan. Hér er fylgst með lögreglunni á hennar mestu hættustundum og það er eins gott að halda sér fast. 2006.

**21.15 Smallville** (16:22) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er prúðmenni og fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Clark er samt ekki gallalaus og á það stundum til að vera dálítið klaufskur. Leyfð öllum aldurshópum.

**22.00 Monk** (15:16) Fyrrverandi rannsóknarlögreglubjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og er enn að reyna að komast að hjá lögreglunni. Það gengur illa þar sem þráhyggjan og fælnin stjórnar honum og það kann ekki góðri lukku að stýra fyrir lögreglumann. Monk hefur þó engu gleymt þegar kemur að því að leysa flókin glæpamál.

**22.45 Næturvaktin** (7:12) Ný, íslensk þáttaröð með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni Sigfússyni í aðalhlutverkum. (7:12) Georg fær eitt af sínum frægu skapvonskuköstum þegar eftirlitskona kemur til að kanna starfsemina á stöðinni. 2007.

**23.15 Damages** (4:13) Bönnuð börnum.

**00.05 The Tudors** (10:10)

**01.00 Jake 2.0** (15:16) (e)

**01.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**11.25** Keeping Up Appearances **11.55** As Time Goes By **12.25** Some Mothers Do 'Ave 'Em **13.00** Antiques Roadshow **14.00** Hetty Wainthropp Investigates **15.00** How I Made My Property Fortune **15.30** Homes Under the Hammer **16.30** Garden Challenge **16.55** Only Fools and Horses **17.25** Some Mothers Do 'Ave 'Em **18.05** Worrall Thompson **18.30** Worrall Thompson **19.00** Silent Witness **20.00** Waterloo Road **21.00** Two Pints Of Lager & A Packet Of Crisps **21.30** Nighty Night **22.00** Silent Witness **23.00** Keeping Up Appearances **23.30** Waterloo Road **0.30** Only Fools and Horses **1.00** Some Mothers Do 'Ave 'Em **1.35** EastEnders **2.05** Silent Witness **3.00** Antiques Roadshow **4.00** How to Be a Gardener

## DR 1

**12.00** TV Avisen **12.10** 21 Søndag **12.50** Debatten **13.45** OBS **13.50** DR1 Dokumentaren - Jeg nægter at dø **14.50** Nyheder på tegnsprog **15.00** TV Avisen med Vejret **15.10** Dawson's Creek **16.00** Hjerteflimmer **16.30** Barracuda **16.30** Bernard **16.35** Tintin **17.20** F for Får **17.30** Fjernsyn for dig **17.30** Thomas og hans venner **17.40** Postmand Per **18.00** Aftenshowet **18.30** TV Avisen med Sport **19.00** Aftenshowet med Vejret **19.30** Harry - med far i køkkenet **20.00** Ganges - livets flod **21.00** TV Avisen **21.25** Horisont **21.50** SportNyt

## NRK 1

**12.15** Mor, mor og barn **12.45** Grosvold **13.25** Åpen himmel: Gudstjeneste fra Åsane kirke i Bergen **13.55** Jan i naturen: Orkanen **14.10** Med hjartet på rette staden **15.00** Fabrikken **15.30** Totalt genialt! **16.00** Gatefotball **16.25** Viva Pinata **16.40** Kid Paddle **17.00** NRK nyheter **17.10** Oddasat - Nyheter på samisk **17.25** Tid for tegn: Fritz Moen - den rotløse **17.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **17.55** Nyheter på tegnspråk **18.00** Barne-tv **18.00** Små Einsteins **18.25** Gjengen på taket **18.40** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen **19.30** Puls **19.50** Folkereportere i felten **19.55** Faktor: Storbystallen **20.25** Redaksjon EN

## SVT 1

**11.45** Medborgarens ABC **12.00** Rapport **12.05** Agenda **13.00** Sportspegeln **14.10** Matiné: Hon kom som en vind **15.30** Andra Avenyn **16.00** Rapport **16.10** Gomorron Sverige **17.00** Ramp **17.30** Krokomax **18.00** Bolibompa: Nicke Nyfiken **18.25** Ebb och Flo **18.30** Allt om djur **18.55** Dr Dogg **19.00** Bobster: Lilla sportspegeln **19.30** Rapport **20.00** Andra Avenyn **20.30** Gynekologen i Askim **21.30** Kobra **22.00** Varför demokrati: I Gandhis fotspår


FLUGFÉLAG ÍSLANDS

➔ flugfelag.is

# Njóttu dagsins - taktu flugið




ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 37733 05/07

## Aðeins nokkur skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

**Njóttu dagins, taktu flugið og smelltu þér á flugfelag.is**

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Við, þessir gömlu, erum neyddir til að hlusta á FM 95,7. Strákarnir eru að gera okkur hina vitlausa. Ef við fengjum að ráða myndum við hlusta á Gullbylgjuna eða Rás 2. Bítlarnir og Stones eru bestir. Það eru fáir sem slá þeim við.“*

Snorri Ársælsson, starfsmaður Ingvars Helgasonar.

# Seldi RÚV uppáhaldsþáttinn sinn

„Ég fékk þessa hugmynd fyrir um hálfu ári, þetta eru uppáhaldsþættirnir mínir,“ segir María Hjálmarsdóttir. Hún leggur stund á viðskiptafræði í Sønderborg í Danmörku og fékk leyfi til þess að gera það að lokaverkefni sínu að koma uppáhaldsgamanþáttunum sínum ytra, Klovn, á dagskrá hérlendis. „Verkefnið er í raun ferlið að koma þáttunum á dagskrá hér og svo undirbúningur á sölu DVD diska á næsta ári. Það var alls ekki auðsótt mál að fá að gera þetta. Þrír leiðbeinendur sögðu nei og töldu að of erfitt yrði að gera þetta að fræðilegri ritgerð. En loks fékk ég það í gegn hjá einum sem elskar þættina sjálfur. Ég geri þetta fræðilegt með því að bera saman danskan og íslenskan húmor.“ Maríu tókst ætlunarverk sitt og fékk RÚV til þess að kaupa fyrstu þáttaröðina. „Það er frábært af því að hingað til hefur RÚV bara sýnt danska dramaþætti.“ Þættirnir hafa fengið nafnið Trúður á íslensku en fyrsti þátturinn er á dagskrá RÚV næstkomandi fimmtudagskvöld. „Þættirnir eru byggðir upp eins og raunveruleikasjónvarp og nöfn persónanna eru þau sömu og leikaranna. Þeir eru líka duglegir að fá danskar stjörnur á borð við Mads Mikkelsen og Michael Laudrup til að leika sjálfa sig. Þetta er kolsvartur húmor sem á líklega eftir að sjokkera marga. En ég er þegar búin að gera samanburðarrannsóknir á húmornum hér og í Danmörku bæði með eldra og yngra fólki. Viðtökurnar hafa verið miklu betri en ég bjóst við og í könnunum hafa 100 prósent aðspurðra svarað því að þetta sé húmor sem henti Íslendingum.“ - sók



**SVARTUR HÚMOR** Þættirnir Klovn eða Trúður fjalla um þá Frank og Casper. „Þetta er kolsvartur húmor sem á líklega eftir að sjokkera marga,“ segir María.



**MARÍA, FRANK OG CASPER** María Hjálmarsdóttir gerði það að lokaverkefni sínu í viðskiptafræði í Danmörku að koma uppáhaldsþáttunum sínum ytra, Klovn, á dagskrá hérlendis. Hér er hún með aðalleikurum þáttanna, þeim Frank Hvam og Casper Christensen.



**LÁRÉTT**
**2.** þvottaefni **6.** frá **8.** hluti kynfæra **9.** samstæða **11.** ónefndur **12.** óbundið mál **14.** sjá eftir **16.** tónlistarmaður **17.** skörp brún **18.** farfa **20.** samtök **21.** útgáfunr. tónverks.

**LÓÐRÉTT**
**1.** atorka **3.** málmur **4.** fjármuni **5.** beita **7.** flutningaskip **10.** sefa **13.** gerast **15.** seytlar **16.** nögl **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sápa, **6.** af, **8.** leg, **9.** par, **11.** nn, **12.** prósi, **14.** sakna, **16.** kk, **17.** egg, **18.** lit, **20.** aa, **21.** ópus.

**LÓÐRÉTT: 1.** kapp, **3.** ál, **4.** peninga, **5.** agn, **7.** farskip, **10.** róa, **13.** ske, **15.** agar, **16.** kló, **19.** tu.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8.

1 Rúnar Júlíusson
2 Marel
3 Juande Ramos








**UNG HETJA** Hilmar Andri Hilmarsson mætti á landsleik Íslands og Ungverja á laugardag en Sigfús Sigurðsson færði honum áritaða treyju daginn áður og miða á leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SIGFÚS SIGURÐSSON: SÝNDI KÆRLEIKA Í VERKI

# Fékk áritaða landsliðstreyju

„Það var virkilega gaman að hitta strákinn loksins enda er ég búinn að hugsa mikið til hans eftir að ég sá hann í fréttunum,“ segir handboltakappinn Sigfús Sigurðsson um hinn unga og efnilega Hilmar Andra Hilmarsson. Hilmar Andri brenndist illa á andliti og höndum fyrir nokkru síðan og vakti mikla athygli í Kastljósi Sjónvarpsins þar sem hann sagði skýrt og skilmerkilega frá örlagadeginum og eftirmálum hans. „Þetta er virkilega klár strákur sem virðist vera jarðbundnari en margir á hans aldri,“ segir Sigfús sem ákvað að fá liðsmenn handboltalandsliðsins til þess að árita landsliðstreyju handa Hilmari Andra og færði honum hana á föstudag ásamt þremur miðum á landsleikinn daginn eftir. „Mér fannst eiginlega skylda okkar að gera eitthvað fyrir Hilmar eftir að ég sá hann í sjónvarpinu. Hann sýndi hetjulega hegðun eftir slysið.“

Hilmar Andri var að vonum ánægður með heimsóknina og treyjuna þótt hann hafi að eigin sögn engan sérstakan áhuga á handbolta. „Það var mjög gaman að sjá Sigfús. Ég hef samt aldrei haft neinn sérstakan áhuga á handbolta en það breytist kannski núna. Ég ætla að fara á landsleikinn en held að ég hafi bara einu sinni farið á handboltaleik áður. Það var í Ólafsvík.“ Hann segist þó ekki taka aðrar íþróttir fram yfir handboltann nema þá helst júdó. „Ég hef heldur engan áhuga á fótbolta en var að byrja að æfa júdó. Það gengur bara vel.“ Hilmar Andri er nýfluttur á Selfoss ásamt fjölskyldu sinni og segir að sér líki vel. „Það er fínt að vera hérna – bara svolítið mikil rigning.“

sigrunosk@frettabladid.is



**ENGINN SÉRSTAKUR HANDBOLTA-AÐDÁANDI** Hilmar Andri fékk miða á leikinn gegn Ungverjum en hann hafði einu sinni áður farið á handboltaleik.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Guðmundur Pálsson** og félagar í Baggalút eru þekktir fyrir að láta ekkert fram hjá sér fara og þeim er fátt heilagt. Að sjálfsögðu hefur grínflokkurinn blandað sér í umræðuna um hjónavígslu samkynhneigðra og samið kvæði í stíl við Tíu litla negrastráka en orðið „negri“ hefur einnig orðið að miklu þrætuepli í þjóðfélaginu. Til að gæta alls velsæmis er réttara að benda áhugasömum á að vísuna má nálgast á heimasíðu Baggalúts.



Allir helstu handknattleiksforkólfar landsins voru mættir í Laugardalinn á laugardaginn til að fagna fimmtíu ára afmæli HSÍ. Veisluhöldin fóru vel af stað því fyrr um daginn bar landsliðið sigurorð af því ungverska á Ásvöllum í Hafnarfirði. Landsliðsmennirnir með **Guðjón Val** fremstan í flokki voru að sjálfsögðu meðal gesta en Gísli Einarsson, sjónvarpsstjarnan góðkunna, hélt uppi stuðinu. Hápunktur kvöldsins var þó án nokkurs vafa þegar valinkunnar landsliðskempur af báðum kynjum tóku hið sígilda baráttulag handknattleiksmanna, „Gerum okkar besta“ ásamt hljómsveit hússins, Dans á rósum.



Og handboltamenn voru ekki einir um að fagna því skammt frá var Rúni Júl með stórtónleika í Laugardalshöllinni. En það var hins vegar ekki eintóm gleði á þessu íþróttasvæði landsmanna því þegar menn voru að bera inn veigarnar í afmælisveislu HSÍ sátu **Geir Þorsteinsson** og félagar í stjórn KSÍ á rökstólum og veltu framtíð **Eyjólfs Sverrissonar** fyrir sér. Og komust síðan að þeirri niðurstöðu að hann væri ekki rétti maðurinn í starfið. Það má því með sanni segja að það hafi skipst á skin og skúr í Laugardalnum á laugardeginum.



- fgg

# *Hörð barátta Bó og Frostrósa um jólin*

Björgvin Halldórsson og Frostrósir munu berjast um að koma landsmönnum í jólaskapið í ár. Jólatónleikar Frostrósa verða haldnir í Laugardalshöllinni í byrjun desember og þegar hefur verið tilkynnt um jólatónleika Björgvins á sama stað 8. desember.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ætla tónleikahaldarar Frostrósa með Samúel Kristjánsson fremstan í flokki að bjóða gestum frá því í fyrra upp á sérstakan forsöluafslátt en eins og Fréttablaðið greindi frá í fyrra urðu töluverð læti vegna tónleikanna vegna þess að sýnt þótti að bókað hefði verið oft í sömu sætin og svo þótti hljómburðurinn ekki upp á marga fiska.

Hins vegar gengu upptökur á Evrópsku dívunum í Hallgrímskirkju vonum framar og verða þeir tónleikar sýndir á tíu stórum sjónvarpsstöðvum fyrir þessi jól auk þess sem stór útgáfurisi mun dreifa upptökunum. Í ár verður hins vegar hafður sá háttur á að útrásarverkefninu og tónleikunum verður haldið aðskildum og þannig verða sjónvarpstónleikarnir til að mynda teknir upp í haust en tónleikarnir verða á sínum stað í Laugardalshöllinni í byrjun desember.

Íslensku dívurnar verða að þessu sinni í aðalhlutverki og verða þær Margrét Eir og Aðalheiður Ólafsdóttir ásamt Regínu Ósk og Heru fremstar í flokki. Þær verða þó ekki einar á sviðinu því fjöldi gesta leggur þeim lið. Samúel sagði í samtali við Fréttablaðið að hann gæti lofað því að þessir tónleikar yrðu með þeim glæsilegustu í sögu Frostrósa og ekki vanþörf á, enda Bó ekkert lamb að leika sér við. - fgg



**BARIST UM JÓLIN** Björgvin Halldórsson gefur ekkert eftir og ætlar að blása til jólaveislu 8. desember.



**UMDEILDIR JÓLATÓNLEIKAR** Frostrósir fengu prýðilegar viðtökur í fjölmiðlum en fjöldi gesta lýsti yfir óánægju með sætaskipan og hljóðið.



Tónlist.is
Nýdönsk
20
ára
Tónlist
Myndbönd
Nýdanskir dagar
Lögin, plöturnar, myndböndin!
NÝTT LAG! 149 kr.
Verðbólgin augu
Ekki er á allt kosið
Regnbogaland
Deluxe
Himnasending
Hunang
Húsmæðragarðurinn
Pólfarir
Grænmeti og ávextir
Virkar fyrir PC og Mac/iPod
Á hvað ert þú að hlusta?

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



Apótekið
lægra verð




**BAKÞANKAR**
Þráins Bertelssonar

## *Háir og lágir – bókstaflega!*

Oliver Curry framtíðarrýnir við Hagfræðiskóla Lundúna spáir því að mannkynið nái hátindi um næstu árþúsundamót. Þá verða aðeins tveir kynþættir á jörðinni, báðir eins og mjólkurkaffi á litinn. Ekki verður jafnræði með þessum kynþáttum: Annar rasinn hávaxinn, fallegur og gáfaður og lifir á belgísku súkkulaði og lífrænt ræktuðu fæði. Hinn ljótur, lítill og heimskur og lifir á hamborgurum og sjoppufæði.

**ÞESSI** spá er ekki út í bláinn. Þróunin er þegar hafin. Með ofuráherslu á frelsi og hagsmuni sterkra einstaklinga umfram hagsmuni heildarinnar er augljóst að framtíðin mun tilheyra þeim sem eru greindir og siðlausir eins og fortíðin tilheyrði þeim sem voru líkamlega sterkir og siðlausir. Það tók mannkynið mörg þúsund ár að læra að það væri andstætt hagsmunum heildarinnar að láta sterkbyggða einstaklinga komast upp með að kraka til sín auðæfum með færni sinni í að beita ofbeldi með sverðum eða bareflum. Á sama hátt má gera ráð fyrir því að það taki mannkynið langan tíma að átta sig á því að það er andstætt hagsmunum heildarinnar að láta greinda einstaklinga komast upp með að kraka til sín auðæfum með skörpum skilningi á pólitík og viðskiptum.

**ÁRIÐ** 3000 þurfa sigurvegarar ekki lengur að aðgreina sig frá hinum sigruðu með Landroverjeppum, Rolex-úrum og Pradafatnaði. Þá verður mannslíkaminn orðinn æðsta og augljósasta stöðutáknið. Hinir háu verða háir í bókstaflegum skilningi og hinir lágu verða lágir vexti. Til þess að hraða þessari þróun þarf aðeins að ganga ofurlítið lengra í að taka frelsi einstaklingsins til að græða og þjóna eðli sínu framyfir frelsi heildarinnar til að lifa frjálsu og friðsömu lífi.

**SVO** er líka til í dæminu að snúa þróuninni við og koma í veg fyrir að spáin rætist. En til þess þyrfti að setja skorður við því að fáir hafi frelsi til að eiga allt og margir frelsi til að eiga ekkert. Það er reyndar ekki hægt fyrr en við nennum að setjast niður og gera okkur grein fyrir því í hverju frelsi okkar er í raun og veru falið. En kannski er það óþarfi. Kannski verða afkomendur okkar Íslendinga allir í sigurliðinu. Og skítt veri með þá sem tapa.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 29. október, 302. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.00 | 13.11 | 17.22 |
| Akureyri | 8.53 | 12.56 | 16.58 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





BESTU KAUPIN PUNKTUR!

Leitirðu að nýjum pallbíl er ISUZU D-MAX ein hagstæðustu kaup sem völ er á í dag. Hann er með nýja aflmikla 3.0 lítra dísilvél og 3000 kg dráttargetu, aksturstölvu, þokuljós, ABS-hemlakerfi, hraðastilli (Cruise Control), halogenljós, geislaspilara, 6 hátalara, loftkælingu og margt fleira. Kynntu þér málið!

ISUZU D-MAX
Verð frá 2.690.000 kr.



*Hús á palli er ekki innifalið í verði

35" BREYTTUR Á FRÁBÆRU VERÐI!
ISUZU D-MAX er einnig fáanlegur með framúrskarandi 35" breytingum frá Arctic Trucks. Verð frá 3.440.000 kr.*



SKJÓT OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
Komdu með gamla bílinn, við tökum vel á móti þér og metum hann strax. Við gerum þér gott tilboð upp í þann nýja, þú ekur heim og þarft ekki að hafa áhyggjur af málinu meir! Skjót og örugg þjónusta í þægilegu umhverfi.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, sími 525 8000, www.ih.is / Opið: Mán frá kl. 10 - 18 og þri til fös frá kl. 9 - 18.

IH
INGVAR HELGASON